

MÁGUSARTÍÐINDI  
2021

# HVER VER ÞÍNA HAGSMUNI ?



KVH er stéttarfélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga og gerir kjarasamninga fyrir hönd félagsmanna sinna, bæði á almennum og opinberum vinnumarkaði. KVH vinnur að bættum kjörum og réttindum, óháð starfsvettvangi, vinnuveitanda eða ráðningarformi.

## Kynntu þér málið - vertu með !

# KVH

KJARAFÉLAG  
VIÐSKIPTAFRÆÐINGA  
OG HAGFRÆÐINGA

KVH er aðili að BHM



[www.kjarafelag.is](http://www.kjarafelag.is)

# Stjórn



**Efsta röð:**  
Stefán Haukur Arnarsson  
Emilía Sæberg

**Miðjuröð:**  
Kristín Rós Björnsdóttir  
Guðjón Gunnar Valtýsson  
Margrét Friða Hjálmarsdóttir

**Neðsta röð:**  
Eyvör Halla Jónsdóttir  
Sindri Sigbórsson  
Júlia Kristjánsdóttir

# Ritnefnd



**Efsta röð:**  
Stefán Kári Öttósson

**Miðjuröð:**  
Brynhildur Hermannsdóttir  
Kristín Rós Björnsdóttir  
Jeremi Zyrek

**Neðsta röð:**  
Emý Sara Björnsdóttir  
Kristín María Vilhjálmssdóttir

# Efnisyfirlit

1. Ávarp ritstýru
3. Ávarp formanns
4. Kennaraviðtöl
5. HÍ vs. HR
6. Félagslíf Mágusar 2020-2021
8. Folkmót Mágusar
9. Útilega Mágusar
10. Nýnemakvöld
11. Bjórsmökkun
13. Íþróttanefnd og íþróttaviðburðir
14. Skíðaferð Mágusar
16. Nýnemaviðtöl
18. Mágusarmerch
20. Viðtal við Margréti Tryggvadóttur, forstjóra Nova
22. Innlit í háskólagarða, viðtal við Guðrún Höllu Friðjónsdóttur
24. Viðtal við Arnald Þór Guðmundsson, formann félags Ungra Fjárfestra
26. Skiptinám í Toulouse, viðtal við Blær Bjarkardóttur
28. Auglýsingastofan Ketchup Creative
30. NESU (Nordid Economic Student Union)
32. Jungle Coctail Bar
35. Bitcoin og rafmyntir, viðtal við Myntkaup
36. Stefán og peningasafnið
38. Stjörnuþá Mágusar
39. Gallup persónuleikakönnun - spurningar
40. Viðskiptafræðimemes
42. Gallup persónuleikakönnun - niðurstaða

**Prentun**  
Ísafoldarprentsmiðja

**Upplag**  
65 stk.

**Umbrot og Hönnun**  
Jeremi Zyrek

**Sérstakar þakkir**  
Þóra Ólafsdóttir  
Birgir Einar Jónsson  
Júlía Rut Kristjánsdóttir

**Ritstýra**  
Kristín Rós Björnsdóttir

**Ritnefnd**  
Kristín Rós Björnsdóttir  
Brynhildur Hermannsdóttir  
Emý Sara Björnsdóttir  
Jeremi Zyrek  
Kristín María Viljálmsdóttir  
Stefán Kári Óttósson

## Elsku besti Mágusingurinn minn!



***“Orð fá því ekki lýst hversu ánægð og glöð ég er að Mágusartíðindi hafa skilað sér beint til ykkar! Ég veit að flestir Mágusingar hafa beðið spenntir allt skóalárið eftir útgáfu Mágusartíðinda og því er mér mikil ánægja að nú sé sú stund loksins runninn upp.”***

Þegar ég lít til baka yfir síðastliðið skólaár er það sem stendur mér efst í huga þakklæti, vinátta og ógleymanlegar minningar. Ég er þakklát fyrir þær dýrmætu samverustundir sem við fengum að eyða saman á þessu skólaári og alla þá frábæru Mágusinga sem tóku þátt í félagslífinu með jákvæðu viðhorfi og sýndu okkur stuðning á þessum erfiðu covid tímum.

Þegar ég tók við embætti ritstýru fyrir rúmu ári síðan hafði ég litla hugmynd um hvert framhaldið yrði. Ég hóf þó ferlið með jákvæðni, setti mér það markmið að sinna hlutverkinu mínu vel og fá með mér til liðs flottan hóp af skemmtilegum dugnaðarforkum. Eftir að hafa hvatt alla nýnema viðskiptafræðideildar til að sækja um í ritnefnd datt ég svo sannarlega ekki í lukkupottinn og fékk með mér fimm fáránlega leiðinlega, lata og óhæfa nýnema og sá ég fram á að næstu mánuðir skólaársins yrðu verstu og lengstu mánuðir ævi minnar.

Nei en að öllu gríni slepptu og eins klisjukennt og það kann að hljóma, þá small nefndin strax vel saman og við urðum því eins og einn lítill vinahópur. Allar samverustundir voru skemmtilegar, hvort sem það voru langir fundir í Mágusarkjallaranum, huggulegt

chill á Stúdentakjallaranum, læri deit á Háskólatorgi eða ævintýrleg bústaðarferð. Án Brynhildar, Emý, Jeremi, Kristínu og Stefáns hefði ferlið og vinnan að gerð Mágusartíðinda aldrei verið jafn eftirminnanlegt og skemmtilegt. Þau voru mín hægri hönd allt ferlið og fyrir þeirra dugnað, jákvæðni, stuðning og vináttu er ég ævinlega þakklát fyrir.

Við í ritnefnd lögðum sterka áherslu á að gera Mágusartíðindi fjölbreytt og skemmtilegt en fyrst og fremst áhugavert fyrir alla Mágusinga. Markmiðið var að skapa einstaklega flott blað sem allir Mágusingar gætu notið að lesa, hvort sem það væri í dag eða eftir þrjátíu ár. Það má því með sanni segja að okkur hafi tekist áætlunarverkið og erum við í ritnefnd í skjýjunum og einstaklega stolt og ánægð með útkomuna. Fyrir hönd Ritnefnd Mágusar 2020-2021 vona ég innilega að öll gleðin og góða samvinnan sem var allsráðandi við gerð blaðsins hafi skilað sér og að þú, kæri Mágusingur, munir njóta lestursins í dag og um ókomna framtíð.

*Kristín Rós Björnsdóttir, ritstýra Mágusartíðinda.*

[lindex.is](https://lindex.is)

Gallabuxur frá  
5999,-

LINDEX



## Takk

fyrir að leggja ykkar að mörkum til að efla félagslífið á þessu óhefðbundna skólaári.

***“Frábæru Mágusingar, þrátt fyrir viðburðarlítið ár er ótrúlegt en satt komið að þeim tímamótum þar sem stjórnarskipti eiga sér stað og nýr hópur tekur við Mágusarkeflinu.”***

**P**að hefur verið mér mikill heiður að fá að taka þátt í skipulagningu á viðburðum Mágusar, þetta ár hefur verið ótrúlega gefandi tímabil. Ekki er hægt að setja í orð hversu öflugir meðstjórnendur mínir voru og verð ég þeim ævinlega þakklátur fyrir þeirra framúrskarandi vinnu og metnað til að gera það besta úr þessu skólaári.

Einnig vil ég þakka fyrri stjórnnum og formönnum fyrir stjórnarskýrslur og góð ráð sem auðveldaði vinnuna okkar. Mágusarstjórnin 2020-2021 tók við seinna en venjulega vegna covid en okkar fyrsta verk var að skipa varaformann og það var Stefán Haukur sem varð fyrir valinu.

Vegna faraldursins gátum við ekki skipulagt próflokupartý en til að vega á móti nýttum við okkur sumarið þegar fjöldi smita var í lágmarki og héldum FOLF mót og glæsilega útilegu þar sem Sigga Beinteins hélt uppi stemningunni. Sóttvarnarreglur leyfðu okkur einnig að halda nýnemapartý sem mætti lýsa sem storminum á undan logninu.

Margrét Fríða var valin nýnemafulltrúi í byrjun haustannar og þar með var stjórn Mágusar 2020-2021 orðin að fullkominni heild. Yfir kjörtímabil okkar kynntumst við bæði gleði og tárur en samt örugglega meira af

því fyrra þökk sé ykkur Mágusingum sem lýstu upp alla viðburði.

Á logntímabili skólaársins skipulögðum við nokkra zoomviðburði sem voru nokkuð vinsælir og erum við ótrúlega þakklát þeim félagsmönnum Mágusar sem mættu á þær slóðir en einnig fyrirtækjum sem styrktu okkur fyrir vinningum og auglýsingum.

Einnig vil ég þakka öllum sem keyptu Mágusarhettupeysur en þetta var í fyrsta skipti sem Mágus fór í slíkt verkefni. Þegar þetta er skrifað eigum við eftir að fara í skíðaferð og halda árshátíð og það mætti segja að við værum að nálgast hápunkt skólaársins.

Að lokum vil ég þakka meðlimum Mágusar fyrir að vera með kveikt á myndavélunum á zoom, vera þolinmód og gera það besta úr þeim viðburðum sem leyfðir voru. Það hefur verið ótrúlega gefandi að starfa í ykkar þágu og vonandi hafið þið notið góðs af því. Einnig vil ég enn og aftur þakka meðstjórnendum mínum, þið eruð öll ótrúleg. Ég óska næstu stjórn alls hins besta og hlakka til að mæta á viðburðina ykkar. Gangi ykkur sem best!

***Gudjón Gunnar Valtýsson Thors, formaður Mágusar***

# Kennaraviðtöl



## Ásta Dís Óladóttir

**Aldur?** 48 (vá ég man eftir að hafa svarað svona hjá Mágusi fyrir örstuttu síðan þegar ég var fyrst að byrja að kenna og þá var ég 28 ára, hvert fór tíminn?).

**Stjörnumerki?** Bogamaður.

**Hver er morgunrúttinan þín?** Vakna og fá mér kaffi!

**Hvar lærðir þú?** Hí og svo í CBS.

**Hver er upphalds erlenda borgin þín og afhverju?**

París, besta borgin, gaman að hjóla um hana og stoppa á öllum litlu kaffihúsum, en Kaupmannahöfn er heim fyrir mig, bjó þar og vann í mörg ár. Fer þangað amk 2-3 á ári að vinna.

**Hvernig stjórnunarstíl aðhyllist þú?** Þjónandi forystu samkvæmt því sem starfsfólkið mitt sagði um mig.

**Hver er þín skoðun á ESB?** Hér segi ég pass sem kennari í alþjóðaviðskiptum.

**Lýstu sjálfum þér í þremur orðum** Fékk Jóhönnu Helgu dóttur mína til að svara þessu og hún segir Ákveðin, hörkudugleg og sanngjörn – ég bara segi takk fyrir það!

**Upphalds fræðimaður?** Margir, ef ég verð að nefna einn aðila er David Attenborough mikið upphald hjá mér.

**Go-to drykkur á djamminu?** Núna væri það Espresso Martini en á sumrin t.d. í veiðinni þá er VES upphaldsdrykkurinn minn.

**Trump vs Biden?** Biden, aldrei spurning.

**Hvað fer mest í taugarnar á þér?** Æji nenni ekki að láta eitthvað fara í taugarnar á mér.

**Ertu með leyndan hæfileika?** Ó já, og hann verður áfram leyndur.

**Mesti skandall ársins?** Það er ekki hægt að velja á milli, þeir voru þó nokkrir!

**Hvaða ofurkrafta myndiru vilja hafa?** Að geta lesið hugsanir, en bara stundum, alls ekki alltaf.

**Ef líf þitt væri bíómynd, hvað myndi hún heita?** The wild life of a faculty member.

## Kári Kristinsson



**Aldur?** 44 ára.

**Stjörnumerki?** Tvíburi.

**Hver er morgunrúttinan þín?** Sturta, hugleiðsla, kaffi & súkkulaði, skriftir.

**Lýstu sjálfum þér í þremur orðum.** Ég spurði vini mína. Samdóma álit voru H-in þrjú: Hreinskilinn, hugsuður og hress.

**Upphalds fræðimaður?** Richard Thaler og John List eru í miklu upphaldi. Þegar ég var gestaprófessor í USA var Thaler (nóbel 2017) með skrifstofu við hliðina mér og hreif mig með lítillæti og hógværð.

**Go-to drykkur á djamminu?** Gin & Tonic er alltaf classic **Trump vs Biden?** Ég bjó í USA þegar Trump var kosinn... fæ ennþá martraðir.

**Hvað kemur þér alltaf í gott skap?** Þó það takist ekki alltaf reyni ég mitt ýrasta að láta hluti ekki fara í taugarnar á mér. Alltaf gott að minna sig á að við höfum það betra en 99,999% af fólki sem hefur lifað á þessari jörð.

**Ertu með leyndan hæfileika?** Ég reyni almennt ekki að fela þá hæfileika sem ég er með... svo nei.

**Skandall ársins?** Viðbrögð Trump við faraldrinum hlýtur að koma þar í fyrsta sæti.

**Hvaða ofurkraft myndir þú vilja hafa?** Hef alltaf öfundað Magneto. Væri samt alveg til í að vera góður Magneto.

**Ef lífið þitt væri bíómynd, hvað myndi hún heita?** Ég veit það ekki... en má ég biðja um að Christian Bale leiki mig?

## Ingólfur V. Guðmundsson



**Aldur.** 59 ára.

**Stjörnumerki.** Meyja.

**Hver er morgunrúttinan þín?** Stórt glas af AB mjólk með púðursykri og væn matskeið af lýsi, ávallt.

**Lýstu sjálfum þér í þremur orðum** Hjálpsamur, sáttfús, stjórnsamur.

**Upphalds fræðimaður?** Eins og stendur Dr. Ásgeir Jónsson.

**Go-to drykkur á djamminu?** Mojito.

**Trump vs Biden?** Sigrúðu þeir ekki báðir í kosningunum?

**Hvað fer mest í taugarnar á þér?** Óstundvísí og óheiðarleiki.

**Ertu með leyndan hæfileika?** Ekki rekist á hann ennþá, held áfram að leita.

**Mesti skandall ársins?** Árið sjálft.

**Hvaða ofurkrafta myndiru vilja hafa?** Örlítill skyggningáfa gæti hjálpað af og til.

**Ef líf þitt væri bíómynd, hvað myndi hún heita?** Aldrei leiðinleg stund hjá þessum.

**Horfir þú Suits? Ef svo er hver er upphalds karakterinn þinn?**

Á eftir að horfa á Suits og reyndar Breaking Bad og Dexter, ég viðurkenni það að ég er ári lélegur í þessum flokki. Upphaldskarakterinn minn úr lögfræðiseríum er Perry Mason, hann er fremstur meðal jafningja.



## Sveinn Agnarsson

**Aldur?** 62 ára.

**Stjörnumerki?** Steingeit.

**Hvar lærðir þú?** HÍ, McGill, Gautaborg.

**Hvar er best að búa að þínu mati?** Vesturbænum.

**Hvernig byrjar þú alla morgna?** Vakna, raka mig, fer í sturtu, borða súrmjólk og bláber í morgunmat

og geng í vinnuna.

**Lýstu sjálfum þér í þremur orðum.** Bjarsýnn, samviskusamur, þrjúskur.

**Upphalds fræðimaður?** Enginn sérstakur.

**Hvernig stjórnunarstíl aðhyllist þú?** Mjúkan en ákveðinn.

**Go-to drykkur á djamminu?** G&T.

**Trump vs Biden?** Biden.

**Hvað kemur þér alltaf í gott skap?** Að hitta skemmtilegt fólk.

**Ertu með leyndan hæfileika, ef svo er hvaða hæfileika?** By til góða chili-kássu.

**Skandall ársins (2020) að þínu mati?** Hvað sumarið leið hratt.

**Hvaða ofurkraft myndirðu vilja hafa?** Stálminni.

**Upphalds sjónvarpsþættir og afhverju?** Twin Peaks - tónlistin, söguþráðurinn, leikararnir.

**Ef líf þitt væri bíómynd, hvað myndi hún heita?** Gríptu daginn.



# HÍ vs. HR

## Guðjón Gunnar Valtýsson

1. Fyrir hvað stendur skammstöfunin WACC í fjármálum? Weighted average cost of capital.

2. Hvaða ár var Háskóli Íslands stofnaður? (5 ár í skekkjumörk) 1910

3. Hverjir eru söluráðarnir fjórir? (The 4 p's of marketing mix) Product.

4. Í hvaða mánuði var fyrsta covid tilfelli á Íslandi? Febrúar.

5. Hvaða vörumerki er efst á lista Forbes yfir verðmætustu vörumerkjum heims árið 2020? Amazon.

6. Frá hvaða landi kemur drykkurinn Breezer? Danmörk.

7. Hver er höfuðborg Búlgaríu? Sofia.

8. Hvert var fyrrum nafn Arion banka? Kaupping.

9. Hverjir urðu heimsmeistarar í handknattleik karla árið 2015? Króatar.

10. Sjóðstreymi er skipt í þrjá hluta, hvað heita þeir? Rekstrarhreyfingar og fjárfestingahreyfingar.

11. Hvað er í sex on the beach kokteilnum? (4 hlutir) Vodka, appelsínusafi, kókossafi, sykursíróp, malibu.

12. Við hvaða lag er mest skoðaða YouTube myndband allra tíma? (7,7b views) Despacito.

13. Hver var valinn maður ársins 2020 í íslensku viðskiptalífi? My queen Sara Björk.

14. Hvaða ár kom fyrsta kvikmynd Harry Potter út? 2001.

15. Í hvaða sæti lenti breska strákahljómsveitin One Direction í X-factor árið 2010? 3. sæti.

16. Hver er varaforseti Bandaríkjanna? Kamala Harris.



13/26  
Stig

## Selma Rún Friðjónsdóttir

1. Fyrir hvað stendur skammstöfunin WACC í fjármálum? Weighted average cost of capital.

2. Hvaða ár var Háskóli Íslands stofnaður? (5 ár í skekkjumörk) 1920

3. Hverjir eru söluráðarnir fjórir? (The 4 p's of marketing mix) Price.

4. Í hvaða mánuði var fyrsta covid tilfelli á Íslandi? 28. Febrúar.

5. Hvaða vörumerki er efst á lista Forbes yfir verðmætustu vörumerkjum heims árið 2020? Apple.

6. Frá hvaða landi kemur drykkurinn Breezer? Danmörk.

7. Hver er höfuðborg Búlgaríu? Pass.

8. Hvert var fyrrum nafn Arion banka? KB-banki.

9. Hverjir urðu heimsmeistarar í handknattleik karla árið 2015? Frakkar.

10. Sjóðstreymi er skipt í þrjá hluta, hvað heita þeir? Rekstrarhreyfingar, fjárfestingahreyfingar og fjármögnunahreyfingar.

11. Hvað er í sex on the beach kokteilnum? (4 hlutir) Tequila, trönuberjasafi, appelsínusafi, síróp.

12. Við hvaða lag er mest skoðaða YouTube myndband allra tíma? (7,7b views) Gangnam Style.

13. Hver var valinn maður ársins 2020 í íslensku viðskiptalífi? Ásgeir Kolbeins.

14. Hvaða ár kom fyrsta kvikmynd Harry Potter út? 2004.

15. Í hvaða sæti lenti breska strákahljómsveitin One Direction í X-factor árið 2010? 3. sæti.

16. Hver er varaforseti Bandaríkjanna? Kamala Harris.



13/26  
Stig

### Rétt svör


1. Weighted average cost of capital.
2. 1911.
3. Product, price, promotion, place.
4. 28. febrúar.
5. Apple.
6. Þýskaland.

7. Sofia.
8. Kaupping.
9. Frakkar.
10. Rekstrarhreyfingar, fjármögnun-  
arhreyfingar og fjárfestingarhreyfingar.
11. Vodka, ferskjuschnapps, appelsínusafi  
og trönuberjasafi.

12. Baby shark.
13. Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair  
Group.
14. 2001.
15. 3. sæti.
16. Kamala Harris

# Félagsslíf Mágusar 2020-2021





# Folkmót Mágusar

Það var á fallegu björtu sumarkvöldi þann 29. júní á Klambratúni sem fyrsta Folf mót Mágusar leit dagsins ljós. Þátttaka á mótinu var hreint út sagt frábær en alls mættu tuttugu og tveir hraustir og orkumiklir Mágusingar á mótið og sýndu folf listir sínar.

Leikmönnum mótsins var raðað í fjögur mismunandi holl sem öll fengu skrautleg nöfn. Fyrsta holtið samanstóð af fimm hressum ungum karlmönnum og fékk það nafnið "Formenn Mágusar". Annað holtið samanstóð af sex gömlum MR þeyjum og voru þeir allir sammála um að nefna holtið sitt „Bankastræti“. Þriðja holtið samanstóð af fjórum skvísium + Stefáni Jordan og nefndu þau holtið sitt „SUPERSTARS“. Fjórða og síðasta holtið samanstóð af fjórum gellum + tveimur fráfarandi stjórnarmeðlimum, Sindri van cash og Hauki skemmtó og skýrðu þau holtið sitt „Auðvaldið“.

Mótið fór vel af stað og fékk hvert og eitt holl að spreyta sig í Folfi á níu mismunandi völlum umhverfis Klambratún. Á mótinu voru allir í sínu besta skapi þökk sé Emilíu van cash sem rölti á milli holla með rútur af Egils Gull og kastaði í liðið svo að enginn yrði þyrstur á meðan leik stóð. Það mátti sjá að leikmenn mótsins voru af ýmsum toga og að spilataekni þeirra var misgóð. Sumir hittu nánast alltaf beint í mark á meðan aðrir voru stórhættulegir og misstu stjórn á diskunum sínum



eða festu þá uppi í tré. Þegar allir leikmenn höfðu keppt á öllum níu völlum fengu allir tækifæri til þess að vinna rútu af Egils Gull með því að hitta beint í Gudda formann með folf diskum sínum. Eftir að allir leikmenn mótsins höfðu reynt að hitta í höfuð formannsins án árangurs, lág fyrir hvaða fimm leikmenn myndu berjast um Folf meistara titilinn. Þeir fimm efstu voru Guddi formaður (Bankastræti), Haukur Skemmtó (Auðvaldið), Sindri van cash (Auðvaldið), Olli (Formenn Mágusar) og Orri (Bankastræti).

Úrslitaleikurinn fór vel af stað. Flestir leikmenn voru fullir sjálfstrausts og byrjuðu leikinn með sterkri sveiflu og löngu kasti sem dreif langt yfir völlinn. Undir lok leiks stóðu þó aðeins tveir leikmenn eftir og mikil spennan lá í loftinu. Orri og Olli voru hnífjafnir og endaði leikurinn með jafntefli og þurfti því að kalla til bráðabana til þess að ráða lokaúrslitum mótsins. Eftir sveittan og æsispennandi bráðabana stóð aðeins einn uppi sem sigurvegari mótsins. Folf meistari Mágusar 2020 var enginn annar en Oliver Darrason (aka. Olli) og fékk hann rútu af ísköldum Gull að verðlaunum. Til hamingju Olli!

# Útilega Mágusar



Í sumar ákvað Mágus að taka upp gamla hefð og halda stærstu útilegu sumarsins, Sommersby útilegu Mágusar! Í lok júlí var því haldið af stað austur í Árnes þar sem fjöldi Mágusinga, bæði gamlir og nýir, söfnuðust saman og tjölduðu í sól og blíðu. Eftir skemmtilegar aðferðir við það að koma tjöldunum misvel upp, fór hópurinn í nokkra drykkjuleiki. Íþróttastýran okkar tekur starfi sínu mjög alvarlega og hélt bíptest fyrir þá sem þorðu. Bíptestið var þó ekki með venjulegu sniði heldur aðlagð að stemmningunni á tjaldsvæðinu. Í stað þess að hlaupa við hvert bíp tóku þátttakendur sopa af bjór í boði Ölgarðarinnar. Alex og Hreiðar stóðu tveir eftir þegar allir aðrir höfðu gefist upp, enda ekki leikur sem allir ráða við. Alex hafði þó betur að lokum og stóð uppi sem sigurvegari.

Næsta keppni var flip a cup og þurfti mikinn kjark til að taka þátt í henni. Þátttakendur byrjuðu á því að taka skot, eftir það þurfti að chugga Summersby í stóru glasi og "flippa" síðan glasinu. Keppnin var útsláttarkeppni og voru það Bragi og Hafþór sem enduðu í úrslitum eftir að hafa drukkíð 2 undir borðið. Haffi hafði betur og vann

þessa keppni. Ónefndur aðili datt úr koju eftir þennan leik.

Eftir viðburðaríka dagskrá var haldið í tjaldskálann þar sem trúbador tók á móti okkur og spilaði skemmtileg lög fram eftir kvöldi. Margir höfðu þörf fyrir hleypa orkunni út og tóku til við að dansa. Sem betur fer var almennilegt hvítt partýtjald sem gat haldið Mágusingum passlega þurrum á meðan rigndi og hélt tónlistin þar áfram. Tónlistin var spiluð svo hátt og lengi að hátalarinn, sem átti að vera algjört tryllitæki, gafst upp. Þrátt fyrir að tónlistin væri há og spiluð langt yfir leyfilegan tíma þá vildu tjaldverðirnir ekki stoppa gamanið og ákváðu að skemmta sér með okkur. Sumir nýttu tækifærið á meðan tjaldverðirnir dönsuðu og skelltu sér í miðnætursund.

Gjaldkerinn okkar pældi ekki í peningum þetta kvöldið og labbaði á milli fólks og bauð því í trektina, sem sló að sjálfsögðu í gegn við Mágusarlagið okkar "Í lari lei". Partýið hélt lengi áfram og þeir allra hörðustu voru vakandi til 8 á meðan þeir allra duglegustu voru vaknaðir, búnir að pakka og farnir klukkan 9.

# Nýnemakvöld



**N**ýnemakvöld Mágusar var haldið í auga Covid stormsins, loksins leyfilegt var að halda party af almennri stærðargráðu. Mágus bauð nýnemunum sínum að koma á Mágusar barinn fræga, sem síðan reyndist vera iðnaðarhúsnæði í Kópavogi en best er að hugsa ekki of mikið út í það. Við komu á barinn tók við dansgölf, veitingar, skemmtanir, bar með þjónustu og Mágusar hjólið var auðvitað á sínum stað. Þarna gátu nýnemarnir kynnst samnemendum sínum og sýnt fram á samfélagslegt gildi sitt eftir nokkra mánuði af einveru heima.

Eftir nokkra stund af spjalli og pizzu var Pub Quiz hent í gang til þess að brjóta ísinn enn frekar. Keppnisskapið tók við og þau vinasambönd sem höfðu myndast við spjall og pizzuát fyrr um kvöldið þurftu að bíða því nú var það hver maður fyrir sig. Eftir æsispennandi keppni fóru Magnús Daði og Stefán Hallgrímsson í bráðabana og að lokum var Stefán krýndur sigurvegari.

The show must go on, kvöldið hélt áfram og vinasambönd sem voru brennd í Pub Quizinu voru kyndluð á ný enn sterkari en áður. Fólk fór ýmist á barinn



í smá viðhald, á veitingaborðið í aðra sneið af pizzu eða bara beint að dansa, og líkt og kýrnar að vori til. Þegar seinna leið á kvöldið var gripið í limbó stöngina, já þarna var allt til staðar, fullkomin uppskrift fyrir fullkomið party. Þeir sem voru ekki of uppteknir í custom-made beer pong borði Mágusar, drifu sig út á gólf í takt við "How low can you go" með Chubby Checker. Eva Rún kom á nýnemakvöldið sem nýnemi en fór heim sem limbó meistari Mágusar, ekki slæmur endir á kvöldinu.

Þessi viðburður er eflaust eftirminnilegur hjá mörgum, ekki bara vegna þess að þetta var fyrsti viðburður ársins, heldur líka vegna hlýrra minninga um góða kvöldstund með þvílíku TOPP fólki.

# Bjórsmökkun



**P**að var þann 11 september 2020 sem Bjórsmökkun Mágusar var haldinn á Microbar í miðbæ Reykjavíkur.

Á Microbar komu saman 35 hressir og þyrstir Mágusingar og fengu að smakka nokkra ískalda bjóra frá Gæðingur Bruggshús. Mágusingar svöluðu þorstanum með bragðgóðum bjórum og fengu fróðlega og skemmtilega fræðslu um ferlið við að brugga hvern bjór fyrir sig. Þær tegundir sem voru í upphaldi hjá flestum Mágusingum þetta kvöldið voru meðal annars Jón tímalausi, Ghost rider og Vínar valtz.

Eftir góða og velheppnaða smökkun örkuðu Mágusingar um götur bæjarins í leit að góðri skemmtun og sveittu dangsgólfi. Flestir Mágusingar enduðu þó kvöldið sitt að sjálfsgöðu á Sólón þar sem dansað var langt fram á nótt.



## Markaðsnefnd 2020-2021



**Efsta röð:**  
Axel Örn Gunnarsson  
Sindri Sigþórsson

**Neðsta röð:**  
Ásta Lilja Sólveigardóttir  
Rósa Lý

Þann 15. apríl 2020 má markaðsnefndin ákveðin tímamót í sögu Mágusar þegar lögð var fram ný lagatillaga um að ný nefnd yrði sett á fót sem myndi sinna helstu markaðsstörfum félagsins. Tillagan var samþykkt og markaðsnefnd leit dagsins ljós. Nýkjörin markaðsfulltrúi, Sindri Sigþórsson varð formaður nefndarinnar og fékk til liðs með sér þrjá duglega nefndarmeðlimi.

Þrátt fyrir fáa viðburði á þessu skólaári stóð markaðsnefndin sig með þrýði og safnaði stórglæsilegum vinningum frá ýmsum fyrirtækum fyrir Pub quiz kvöld Mágusar og COD mótið.

## Skemmtinefnd 2020-2021



**Efsta röð:**  
Viktor Ernir Ingimarsson  
Hlynur Einarsson

**Miðju röð:**  
Díana Helga Guðjónsdóttir  
Birgitta Guðmundsdóttir

**Neðsta röð:**  
Hugrún Helga Stefánsdóttir  
Magnús Daði Eyjólfsson  
Júlia Rut Kristjánsdóttir

Hlutverk skemmtinefndar er að skemmta Mágusingum með ógleymanlegum uppákomum. Það hefur verið hefð undafarin ár að skemmtinefndin skipuleggi skemmtilegustu helgi skólaársins, skíðaferð Mágusar og halda uppá besta kvöld skólaársins, Árhátíð Mágusar.

Skemmtanastýra Mágusar þetta skólaárið, Júlia Rut Kristjánsdóttir tók inni skemmtó sex hressa og skemmtilega nýnema.



# ÞUNGUR LESTUR?

RED BULL VEITIR VÆÆNGI. 



# Íþróttanefnd 2020-2021



**Íþróttanefndin sér um að halda allskonar skemmtilega íþróttaviðburði. Íþróttastýran Eyvör og fjórir eldhressir og hraustir meðlimir nefndarinnar héldu tvö æsispennandi mót þetta skólaár, badminton mót og Call of Duty mót.**

**M**eð sóttvarnar- og djöflatrúðagrímur komu Mágusingar saman á Badminton mót Mágusar þann 18. febrúar. Mótið var haldið af Íþróttanefnd og einkenndist helst af drenglyndi og heiðarleika og góðum víbrum, alls tóku 16 lið þátt í riðlakeppninni en aðeins eitt lið gekk út sem "badminton meistara Mágusar". Keppendur spönnuðu allan skalann á reynslu og kunnáttukvarðanum í íþróttinni, allt frá aulum sem ekkert gátu upp að reynslumestu og bestu spilurum landsins. Vegleg verðlaun voru í boði og ofan á það var búningakeppni hent í formúluna til þess að auka spennuna enn frekar. Klukkan sló 21:00 og fyrsti riðillinn hófst með látum í TBR höllinni, Superman á móti föngum og púka-hawaii-trúðar á móti "hvar eru Vallar" Völlum, já kæri lesandi þetta var ekkert grín!

Að lokum stóðu uppi skýrir sigurvegarar, Hjördís Rósa Guðmundsdóttir og Harpa Hilmisdóttir komu, sáu og sigruðu og tóku bikarinn með sér heim. Þær voru hinsvegar ekki einu sigurvegarar kvöldsins þar sem

Díana Helga Guðjónsdóttir og Guðjón Smári Smárason unnu búningakeppnina, Díana klædd sem karlmaður og Guðjón sem kona. Hinsvegar má kalla alla keppendur kvöldsins sigurvegara fyrir að hafa mætt og átt góða stund saman.



Sigurvegararnir Hjördís og Harpa.



Díana Helga og Guðjón Smári unnu búningakeppnina.

## Íþróttanefnd 2020-2021



**Efsta röð:**  
Hjördís Rósa  
Guðmundsdóttir  
Brynjar Skjöldal

**Neðsta röð:**  
Jón Þorri Jónsson  
Eyvör Halla Jónsdóttir  
Yngvi Freyr Óskarsson

# Skíðaferð Mágusar



Sólin skein yfir malarplani Hí þar sem þrjátíu og átta Mágusingar og einn lögfræðinemi Orators komu sér vel fyrir í partýrútu Mágusar. Kristján bílstjóri var ekki lengi að líma bensínjöfina við gólfið og flaug af stað um leið og síðasti Mágusingurinn skreið upp í rútu. Allt í botn og engin miskunn, þessi skíðaferð var formlega hafin!! Stjórnin vökvaði þyrsta Mágusinga á meðan Soundboksið gerði allt brjáláð. Hattapemað og beltin stoppuðu engan í að dansa, sulla og rífa sig í gang. Fyrsta pissustopp var á Happynesi þar sem Guðjón Smári varð fyrsta fórnalamb trektarinnar á meðan Emilía van cash sótti Dominos pizzur fyrir rútuna. Pizzunni var auðvitað skolað niður með svekköldum Egils Gull, ekkert bull. Á leiðinni norður hélt skemmtó uppi stemningunni með drykkjuleikjum og pub-quizi og passaði upp á að allir voru vel nestaðir svo að enginn yrði þyrstur né svangur. Hátalarinn einfaldlega átti ekki séns í tryllta Mágusingana og steindó á miðri leið svo Díana tók upp gítarinn og stjórnaði brekkusöng í sama sniði og Veðurguðinn í dalnum, ekkert gat stöðvað þessa partý-rútu.

Eftir síðasta pissustoppið í Varmahlíð var förenni heitið í Bruggsmiðju Kalda á fyrsta vísó ársins. Þar fengu allir Mágusingar tækifæri til þess að smakka besta bjór landsins og fræðast um starfsemi Kalda. Í brugghúsinu var skrallað þar sem Krilla og Mörður slóu í gegn með nýtt trektarmet og lét Kristján bílstjóri alla farþega þamba bjórin fyrir utan rútuna sér til skemmtunar. Á Sigló var partýið fært inn í skíðaskálann, draslinu hent inn og bjöðbert hent í smettið. Eftir 8 tíma akstur voru Mágusingar óðir í dans, Soundboksínu var komið fyrir úti og danspartýið fræga á pallinum tók við. "I Gotta Feeling" setti tóninn fyrir kvöldið cuz tonights gonna be a good night. Utan frá leit þetta eflaust út eins og sýru partý fullt af sterahausum að fá flog, enda lét lögregla



Siglufjarðar þetta partý ekki framhjá sér fara og mætti fyrir utan til að skoða palla-partyið, eflaust bara nokkuð afbrýðissamir.

Eftir 15 klst af drykkju og djamma endaði partýið í saunu, þar sem sumum fannst gott sport að stinga kústum og áhöldum í saununa. Þegar ákærðir um glæpinn rifu þeir í brunaslönguna sér til varnar (not cool guys). Mágusingar létu dólgana ekki skemma kvöldið fyrir sér og áttu fallega stund í saununni þar sem allir svitnuðu saman og sungu hástöfum "ég er kominn heim".

Laugardagsmorgunn vöknudú flestir Mágusingar raddlausir eftir átök liðinnar nætur. Þeir allra hörðustu byrjuðu daginn á góðum morgunmat og einum afréttara, hentu sér í snjógallann og tóku rútna í fjallið. Fólk var í misgóðu ástandi til að skíða eftir gærdaginn en kalda loftið og vindurinn virkuðu sem hinn mesti þynnukubani. Sumir voru alvanir skíðagarpar en aðrir minntu á nýfædda kálfa í brekkunni, þeir bestu reyndu að miðla skíðavisku sinni til þeirra sem ekkert gátu og var það mjög skrautlegt að sjá. Margir gáfust upp eftir heiðarlega tilraun til þess að læra þessa fornu list á einum degi og héldu uppi stemningunni í rötum fjallsins á meðan hinir spreyttu sig lengst upp í brekku. Því lengra sem leið á daginn, því tómari urðu pelarnir og sást það vel á skíðamenskunni. Undir lok dags var Jagerinn alveg búinn og skíðagarparnir sömuleiðis. Þá var best upp á öryggi allra í brekkunni að skíða heim í skála. Komið var að saunustund og tekin góð lögn fyrir kvöldið.

Margir vöknudú edrú í fyrsta skiptið í þessari ferð en voru ekki lengi að finna sér afréttara til þess að hefja kvöldið. Mágus bauð upp á borgara í kvöldmat sem voru hráir að hætti kokksins, úti á grilli stóðu Maggi og Sindri vaktina og kölluðu borgarana tilbúna þegar osturinn var bráðnaður. Með efasemdir átu Mágusingarnir baulandi borgarana og skoluðu þeim niður með ísköldum Egils gull, ekkert bull. Þegar allir voru orðnir saddir og sælir hélt hópurinn af stað á Kveldúlf bjór og bús þar sem þyrstir Mágusingar réðust á barinn. Þarna voru allir ferskir og Jón Gylfi hélt upp á sweet sixteen með því að láta syngja fyrir sig átta sinnum. Klukkan sló ellefu og sóttvarnarreglur ráku alla upp í rútu þar sem Larí Larí Lei var gólað svo bergmálaði um allan Siglufjörð. Þegar komið var á Hól var Karaoke time í boði Rent-a-party sem vægast sagt sló í gegn og sungin voru bestu lög allra tíma, þar á meðal Country Roads, Does Your Mother Know og Shallow. Beer pong og Mágusarhjólíð var sett upp og bjórsala Mágusar bjargaði þeim sem kláruðu sínar birgðir á föstudeginum. Salan gekk vel (shocker) og þeir allra gjafmildustu deildu vinningum sínum úr hjólinu með sér.



Orð um partyið dreifðist um alla króka landsins og boðflennur flyktust að skálanum. Skemmtunarstýra greip í kústin og fleygði þrjútonum út þar sem þeir vældu og kjökrúðu eins og særðir hvolpar og grátbáðu grey Jeremi um að opna fyrir sér. Partyið stoppaði ekki og dönsuðu Mágusingar á sveittu dansgólfinu langt fram eftir nótt, sumir dóu, aðrir ældu en Birgitta lenti í banvænu fótaslysi svo blæddi yfir allt og alla. Þegar fór að líða að morgni var heilög saunu stund tekin á ný fyrir svefninn. Sauna, köld sturta, skot og beint í bólið.

Daginn eftir vöknudú Mágusingar í þúsund litlum molum og byrjuðu að taka til, þynnkan lét í sér heyra en sumir ákváðu að dila við þann djöful seinna og fá sér nokkra afréttara. Þegar allt draslið var komið upp í rútu var haldið heim á leið, stoppað í Staðarskála og keyptur sáðsamur þynnkumat, drukkin sundlaug af powerade og bombað í bergið.

Ferðin heppnaðist stórkostlega og fór fram úr öllum væntingum. Við þökkum Júlíu og skemmtó og öðrum Mágusingum fyrir ógleymanlega ferð og getum ekki beðið eftir að sjá ykkur í skíðaferðinni að liðnu ári.



# Nýnemaviðtöl

## Birgitta Guðmundsdóttir



**Aldur:** 19 ára.

**Stjörnumerki:** Vog.

**Í hvaða menntaskóla varst þú?**  
MS.

**Af hverju valdir þú viðskiptafræði?**  
Því ég er basic bitch.

**Hvaða áfangi finnst þér standa upp úr?** Allavega ekki fjárhagsbókhalda, örugglega rekstrarhagfræði.

**Uppáhalds kennari?** Snjólfur sæti minn.

**Draumastarf?** Eitthvað sem felst í því að ég fæ að stjórna, kv. stjórnsöm.

**Hver er þinn go-to drykkur á djamminu?** Eldgos.

**Hver er þín þynnku rúttína?** EAT SLEEP EAT REPEAT.

**Ertu með leyndan hæfileika?** Get chuggað bjór á 5 sek!

**Hver er þinn uppáhalds stjórnarmeðlimur?** MY KRILLA QUEEEEEEEEEEN!

**Mesti skandallinn á skólaárinu?** Að hafa gleymt að svara 11 krossum í lokaprófinu í fjárhagsbókhalda og falla í áfanganum.

## Sóley Guðjónsdóttir



**Aldur:** 22 ára.

**Stjörnumerki:** Hrótur.

**Í hvaða menntaskóla varst þú?**  
Flensborg, Ú AH NFF!!

**Af hverju valdir þú viðskiptafræði?**  
Því ég er basic bitch sem langar í fjölbreytileika á vinnumarkaðnum í framtíðinni.

**Hvaða áfangi finnst þér standa upp úr?** Vinnulag í viðskiptafræði, ég veit! Trúi því varla sjálf.

**Uppáhalds kennari?** Sveinn!! Engin spurning.

**Draumastarf?** Úff, ef ég væri með eitthvað draumastarf þá væri ég ekki að leitast eftir fjölbreytileika - mig grunar ekki gvend.

**Hver er þinn go-to drykkur á djamminu?** Erfið spurning - uppáhalds drykkurinn minn er whiskey sour en á djamminu er það g&t og bjór.

**Hver er þín þynnku rúttína?** Vakna, drekka sundlaug af vatni, helst vera með snarl við rúmið sem ég get byrjað að narta í á meðan ég vorkenni mér, fara í sturtu/sund (ps. rennibrautir eru þynnkubanar, heyrðir það fyrst hér), borða eitthvað heavy næs, fá mér loksins í vörina þegar ég veit ég get treyst því (því lummur eru annað hvort það besta eða versta sem þú gerir þér í miðri þynnku, enginn millivegur) og svo er það bara beint í afréttara.

**Ertu með leyndan hæfileika?** Ég get myndað stafinn M með tungunni minni.

**Hver er þinn uppáhalds stjórnarmeðlimur?** Það myndi vera hún Díana, því hún meistari.

**Mesti skandallinn á fyrsta árinu?** Markaðsfræði áfanginn í heild sinni - 3 orð, díses fokkin kræst.

## Eymar Jansen



**Aldur:** 20 ára.

**Stjörnumerki:** Bogamaður.

**Í hvaða menntaskóla varst þú?**

Menntaskólanum við Sund.

**Af hverju valdir þú viðskipta fræði?** Hafði mikinn áhuga á náminu og fannst það spennandi.

**Uppáhalds fag?** Rekstrarhagfræði.

**Uppáhalds kennari:** Snjólfur.

**Draumastarf?** Ég hef áhuga á viðskipta- og efnahagsmálum og er draumastarfið að vinna í þeim geira.

**Hver er þinn go-to drykkur á djamminu?** Bjór eða Gin og Tonic.

**Hver er þín þynnku rútína?** Panta Dominos og vorkenna sjálfum mér.

**Ertu með leyndan hæfileika?** Ágætur í eldhúsinu.

**Hver er þinn uppáhalds stjórnarmeðlimur?** Kristín.

**Mesti skandallinn á skólaárinu?** Covid eða þegar Stefán Hallgríms náði að bulla sig í gegnum spurningakeppnina á nýnemakvöldinu.

## Einar Gísli Gíslason



**Aldur:** 20.

**Stjörnumerki:** Naut.

**Í hvaða menntaskóla varst þú?**

Var í Kvennó.

**Afhverju valdir þú viðskiptafræði?** Því að ég hef gaman að flestu sem tengist viðskiptum.

**Hvaða áfangi finnst þér standa upp úr?** Stærðfræðin var frekar þægileg.

**Uppáhalds kennari?** Sveinn er kóngurinn.

**Draumastarf?** Forstjóri í einhverju fyrirtæki.

**Hver er þinn go-to drykkur á djamminu?** Er aðallega bara í bjórnum.


**Hver er þín þynnku rútína?** Fæ mér einn Nocco og held áfram með lífið.

**Ertu með leyndan hæfileika?** Nei, ég held að ég hafi engann leyndan hæfileika.

**Hver er þinn uppáhalds stjórnarmeðlimur?** Formaðurinn er minn maður.

**Mesti skandallinn á skólaárinu?** Man ekki eftir neinum risa skandal.

# Mágusarmerch





**Módel:**  
 Sandra Sif Baldursdóttir  
 Sigbór Óli Árnason  
 Kristín Birta Davíðsdóttir  
 Aron Jóhannson  
 Margrét Fríða Hjálmarsdóttir  
 Óðinn Freyr Heiðmarsson

**Ljósmyndari:**  
 Birgir Einar Jónsson

**Listraen stjórnun:**  
 Jeremi Zyrek  
 Kristín Rós Björnsdóttir

# Margrét Tryggvadóttir

Forstjóri Nova



**Margrét Tryggvadóttir er forstjóri Nova. Nova er fjarskiptafyrirtæki sem margir þekkja sem „stærsta skemmtistað í heimi“. Orðspor Margrétar sem góður stjórnandi fréttist langar leiðir og vildi því ritnefnd Mágusar kíkja í heimsókn og taka örstutt viðtal.**

**M**argrét er fædd í Reykjavík en uppalin á Ísafirði. Á Ísafirði lærði hún að vinna, en starfsferill hennar hófst þegar hún var aðeins 10 ára gömul og var það í dótabúð hjá frænda hennar. Eftir dótabúðina tóku við alls kyns störf sem að mótuðu hana sem starfsmann.

Margrét var í tvö ár í Menntaskólanum á Ísafirði þar sem hún kláraði verslunarpróf. Eftir það flutti hún til Reykjavíkur þar sem hún lauk við stúdentsprófið í Verzlunarskóla Íslands. Þar næst var ferðinni heitið í Tækni Háskólann sem nú í dag er Háskólinn í Reykjavík. Þaðan útskrifaðist hún úr alþjóðamarkaðsfræði. Í gegnum árin hefur hún tekið alls kyns kúrsa til þess að auka þekkingu sína, má nefna amp nám í Barcelona í IESE skólanum.

Margrét byrjaði í fjarskiptageiranum áramótin 1999 og 2000. Meðan hún var í alþjóðamarkaðsfræði sá hún fyrir sér að vinna hjá fyrirtæki sem einblína á framtíðina og nýja möguleika. Fyrirtækið Tal vakti mikla athygli hjá henni þar sem að markaðsnálgun þeirra var mjög áhugaverð. Tal var þó ekki að leita að fólki í vinnu en





Margrét lét það ekki stoppa sig, hún bankaði oft á dyrnar hjá þeim til þess að láta vita af sér. „Þau hafa örugglega haldið að ég hafi verið stór skritin“ segir Margrét.

Síðan rann upp sá dagur að henni var boðið starf og var það á gamlárskvöld. Vaktin áramótin 1999-2000 fól í sér að vera í þjónustuverinu, þar sem aðeins hún, nýliði, og einn annar vanur starfsmaður stóðu vaktina. Þegar Íslandssími og Tal sameinuðust var Margrét búin að sinna ýmsum störfum innan fyrirtækisins. Hún fór frá því að vera í þjónustuverinu yfir í markaðsdeildina, þar sem hún var vörustjóri. Stutt stopp tók hún síðan í bankageiranum, en leiðir lágu aftur í fjarskiptageiran.

Margrét hefur starfað hjá Nova frá því að það fór í loftið, janúar árið 2007. Þar hefur hún fengið að kynna fjölbreyttum störfum, þ.á.m. þjónustuver, verslunarstörf, fyrirtækjaþjónustu og markaðsdeild... Upphaflega staða Margrétar í Nova var markaðsstjóri, að búa til vörumerki, ímynd og ásjón Nova. Í raun er eina starfið sem Margrét hefur ekki sinnt innan Nova er innan fjarskiptadeildar þar sem forritarar sinna sínum störfum. Nova er sprotafyrirtæki sem hefur marga kosti, meðal annars eru fáir starfsmenn og tækifæri gefast til að sinna alls kyns störfum.

Árið 2018 tók Margrét við af Liv Bergþórsdóttur sem forstjóri Nova. Þar áður hafði Margrét gegnt stöðu aðstoðar forstjóra í eitt ár. Þrátt fyrir að stökkið hafi verið töluvert var margt sem fráfarandi forstjóri gerði á sínum tíma sem Margrét tók sér til fyrirmyndar og nýtir sér í sínum störfum. Það hafa sömuleiðis verið mikil forréttindi að vinna með góðu fagfólki sem leggur sitt á vogarskálarnar til þess að starfið gangi vel og styðja við Margréti í rekstri Nova.

Margrét er mjög markmiðadrifin og setur sér markmið ár hvert. Með markmiðunum setur hún sér áskoranir til þess að vaxa og dafna. Þau markmið snerta bæði hennar persónulega líf og starf en eru ekki sett til þess að tikka í

box. Markmiðin sem að Nova setur sér ár hvert er að vera með ánægðustu viðskiptavinina vera besti vinnustaður í heimi og best á netinu. Margrét segir að þú getur aldrei verið með leiðinlegasta vinnustað í heimi og ánægðustu viðskiptavinina. „Þú verður að hlúa að vinnustaðnum til að eiga ánægðustu viðskiptavinina.“ Nova hefur alltaf sett sér það markmið að vera fyrst á markaðinn með nýjungar og skara fram úr í tækniþróun. Framtíðarsýn Nova er að vera leiðandi í þráðlausri framtíð, með uppbyggingu 5G opnast alls kyns möguleikar. Sameiginlegt stolt starfsmanna Nova er að vera með ánægðustu viðskiptavinina 12 ár í röð. „Við lifum og brennum fyrir þetta.“

„Ég vinn náttúrulega með einstöku liði. Við í Nova getum öll verið sammála um það að vera með besta liðið og einstaka liðsheild.“ Að hafa gott lið og skýr markmið er að sögn Margrétar það sem skiptir gríðarlega miklu máli. „Maður gerir ekkert einn og að hafa gott lið er það sem skiptir öllu máli.“



**Stærsti  
skemmtistaður  
í heimi!**

**NOVA**

# Innlit í háskólagarða



**Guðrún Halla Friðjónsdóttir er 24 ára viðskiptafræðinemi við Háskóla Íslands. Hún fæddist í Reykjavík og ólst uppí Bíldudal til sjö ára aldurs. Í dag býr hún í huggulegri íbúð í háskólagörðunum við Sæmundsgötu 24 í Reykjavík.**

**Ritnefnd og Rebbi okkar Mágus kíktum í heitt kaffi og ilmandi bakkelsi og spjölluðum við hana Guðrúnu okkar um lífið og tilveruna í háskólagörðum og eftirminnilegar háskólastundir seinasta skólaárs.**

## **Hvernig byrjar þú alla daga?**

Ég byrja alla daga á feel good tónlist, byrja að dansa og fæ mér góðan kaffibolla fyrir fyrst zoom fyrirlestur dagsins.

## **Hvenær fluttir þú í Háskólagarða?**

Ég fluttu í háskólagarða fyrst í byrjun febrúar 2020 og bjó þá í litlu herbergi með sameiginlegu eldhúsi og stofu og flutti svo íbúð í háskólagörðunum í byrjun júní.

## **Hvernig var sú reynsla að búa í herbergi með sameiginlegri aðstöðu í háskólagörðunum?**

Það var alveg gaman en maður fékk ekki mikið næði og frið. Stundum langaði mig til þess að vakna og fara fram í eldhús á brókinni til þess að fá mér kaffi en það gerði ég auðvitað ekki á meðan ég bjó í sameiginlegri aðstöðu.

Ég kynntist samt fullt af skemmtilegu fólki frá mismunandi löndum víðs vegar um heiminn með ólíkar skoðanir og lífstíl. Þessi reynsla breytti viðhorfi mínu á ýmsum hlutum í lífinu til dæmis á mat og trú frá öðrum menningarheimum.

Það mætti segja að þessi reynsla breytti mér sem manneskju og ég mæli innilega með því að allir prófi að

búa með öðru fólki. Fólkið sem ég kynntist eru ennþá góðir vinir mínir í dag og ég kíki reglulega í heimsókn til þeirra.

## **Hvernig finnst þér að búa í Háskólagörðum?**

Mér finnst það mjög notalegt. Það er svo þægilegt að búa miðsvæðis þar sem allt er í góðri göngufjarlægð. Það er líka mjög gott félagslíf í háskólagörðunum og fólk er opið og skemmtilegt og alltaf til í party.

## **Hver er helstu kostirnir og gallarnir að þínu mati að búa í háskólagörðum?**

Helstu kostirnir er að það er gott félagslíf og stutt í allar búðir og nauðsynjar. Helsti gallinn finnst mér vera brunavarnakerfið. Það er mjög viðkvæmt hér og frekar pirrandi í háskólagörðunum. Það fer í gang ef einhver brennur ristabrauðið sitt þannig ég þarf að fara mjög varlega þegar ég elda svo það fari ekki í gangi.

Einnig getur verið erfitt að fá frið um helgar því það er alltaf einhver í háskólagörðunum að halda party og það er stundum mjög pirrandi ef ég vill frið, annars geggjað ef ég er í party stuði!

### **Hvernig myndir þú lýsa stílnum á íbúðinni þinni í tveimur orðum?**

Kvenleg og hugguleg.



### **Hvar færðu inspo fyrir íbúðina?**

Ég skoða ekkert eitthvað eitt ákveðið til þess að fá innblástur! Ég kaupi aðallega öll húsgögnin mín í IKEA. Ég sé aðallega uppsetninguna fyrir mér sjálf! Byrja oft að teikna hlutina sjálf og sjá þá fyrir mér hvernig ég get raðað íbúðinni upp þannig plássíð nýttist vel og svo hún sé huggulega og kosý. Ég hef breytt íbúðinni nokkrum sinnum síðan ég flutti inn og finnst gaman að breyta til!

### **Hver er þinn uppáhalds hlutur í íbúðinni þinni?**

Það er ekkert eitt sem ég held uppá meira en eitthvað annað en ég elska listaverkin mín eftir Rakel Tómas.

### **Hvar kaupir flesta decor hlutina inn í íbúðina þína?**

Ég fengið flesta alla gefins en annars eru flestir hlutirnir í íbúðinni minni keyptir í líf og list!

### **Hver er þinn uppáhalds kennari og afhverju?**

Mér finnst Þórður alltaf skemmtilegur! Ég hef verið í einum áfanga hjá honum og mér fannst hann frábær kennari. Hann kom efninu skemmtilega og vel frá sér. Hann gerði markaðsfræðina svo áhugaverða og skemmtilega.

### **Eftirminnilegasti atvik í tíma?**

Þegar Kristín opnaði rauðan Collab á fremsta bekk í tíma hjá Ársæli í HT102 og Collabinn sprakk yfir alla tölvuna hennar. Hún öskraði svo allir í tímanum tóku eftir því og hún hætti ekki að tala um það í korter yfir sæla.

### **Hvað færðu þér oftast í Hámu?**

Combóið mitt er vegan kjúklinga samlokun og einn fjólublár Collab eða kaffi eða monster.

### **Hvað fékk þig til að velja viðskiptafræði?**

Ég skráði mig í upphafi í stjórnun sem kjörsvið því mig langaði að læra að stjórna fyrirtæki vel og vera góður

stjórnandi. Ég er svo ekki lengur í stjórnun, ég skipti yfir í fjármála kjörsvið :P

### **Besti viðburður Mágusar að þínu mati og afhverju?**

Nýnemaferðin 2019 var solid, besta partyið að mínu mati! Þar kynntist ég öllum vinum mínum í viðskiptafræðinni. Mæli með að allir nýnemar mæti í nýnemaferðina, ekki spurning!

Legacy partyið var líka snilld! Allir í geggjuðum gír, allir að dansa og syngja langt fram eftir kvöldi! Jón Jónsson sló líka í gegn þetta kvöld með geggjuðum gítarlögum og hópsöng! Það var líka mjög gaman á Pub quiz kvöldinu á Hverfis! Góð stemming og allir hressir!

### **Besta vísó á seinasta skólaári?**

Kiwi var next level! Fórum í fullt af leikjum og djömmuðum þar til tíu með Binna Löve! 100 prósent lengsta og besta vísó sem ég hef farið í!

### **Hvað langar þig að gera eftir að þú klárar BSc. í viðskiptafræði?**

Ég er mjög spennt fyrir því ferðast um heiminn eftir útskrift. Draumurinn er í raun að kynnast nýrri menningu og upplifa nýja hluti. Ég væri til dæmis ótrúlega mikið til í að kafa með hákörpum í Afríku! Elska hákarla, uppáhalds dýrið mitt! Ég væri líka til í að fara í sjálfböðastarf og þá vinna með dýrum eða börnum, það væri æðislegt.

Annars er framtíðin mín frekar óskrifað blað og er mjög opin fyrir því prófa fullt af skemmtilegum hlutum.

### **Hvar værirðu til í að sjá þig eftir 10 ár?**

Vá, eftir 10 ár þegar ég er orðin 34 ára væri ég til í að eiga barn, vera í góðri og skemmtilegri vinnu og mögulega eiga maka. Mér finnst mjög hæpið að ég mun verða gift eftir 10 ár en hver veit hvað framtíðin ber í skaupi sér. Ahh það væri líka draumur í dós að eiga fallega íbúð á Ægissíðunni eftir 10 ár.



# Arnaldur Þór Guðmundsson

formaður Ungra Fjárfesta



**Arnaldur Þór Guðmundsson er formaður félagsins Ungir Fjárfestar og hann leggur mikla áherslu á að fólk átti sig á því að sparnaður leiði til betra lífs. Ungir Fjárfestar eru fræðslusamtök sem leiðbeina í því að spara, fjárfesta og ávaxta peningum á réttan hátt með myndböndum á samfélagsmiðlum þeirra. Auk þess héldu þau einnig hittinga áður en Covid-19 skall á þar sem ákveðnir fjármálagerningar voru ræddir. Við hittum Arnald og spjölluðum aðeins við hann um félagið, sparnað og fjárfestingar.**

## **Segðu okkur aðeins frá sjálfum þér**

Ég er á þriðja ári í fjármálahagfræði og er að útskrifast í vor. Ég starfaði hjá Kviku banka á fyrsta árinu í hagfræðinni og er núna í nokkrum atvinnuviðtölum, þannig að það kemur bara í ljós hvert maður fer eftir námið. Síðan er ég með Unga Fjárfesta og er bara mikið að þæla í mörkuðunum og íslensku viðskiptalífi. Ég myndi segja að það sé svona gróflega ég.

## **Hvernig byrjaði þessi áhugi á fjárfestingum, aðallega þá á hlutabréfum?**

Það gerist semsagt við fermingu, það þekktu mig allir það vel að ég fékk enga gjöf nema pening og biblíuna. Ég sat semsagt uppi eftir ferminguna með biblíuna og alla þessa peninga og velti fyrir mér hvað ég átti að gera við þetta allt. Bróðir minn hafði alltaf verið mikil fyrirmynd og hann var soldið að fjárfesta í hlutabréfum, þannig að ég ákvað 13 ára gamall að gera eitthvað svipað og kaupi hlutabréf í Icelandair fyrir alla fermingapeningana. Ég vissi ekkert hvað þetta var, ég vissi bara að ég hafði flogið með Icelandair og vissi að ég fílaði þjónustuna en ég skildi ekkert tekjumódelið eða neitt í þá átt. Nema hvað, ég tók þessa ákvörðun að kaupa og þrefalda þá

fermingapeningana og hélt að ég væri einhver snillingur, að ég gæti bara farið að halda þessu áfram, þrátt fyrir það að þetta var bara tilviljun. Ég hélt bréfunum í 4 ár.

Ég hef bara alltaf haft áhuga á peningum, síðan ég var krakki, var sífellt í því að safna. Ég segi alltaf að það versta sem getur komið fyrir þig er að taka ranga ákvörðun og fá rétta niðurstöðu. Þá heldur þú að ákvörðunin hafi verið rétt og munt endurtaka hana. Það var það sem ég gerði, ég endurtók ákvörðunina og keypti enn meira í félaginu og í það skipti hafði ég rangt fyrir mér og tapaði peningunum. Það má segja að nettó upphæðin hafi verið neikvæð eftir allt þetta ferli. Þetta verður til þess að ég loksins læri eitthvað, með því að taka ranga ákvörðun og fá ranga niðurstöðu. Eftir þetta fer ég að lesa mig betur til og það var ekki fyrr en í Verzló sem ég fæ almenna þekkingu á hlutabréfum og get þá byrjað að kalla mig fjárfesti að einhverju leyti.

## **Þú ert formaður félagsins Ungir fjárfestar, segðu okkur aðeins frá því og starfsemi þess.**

Þetta eru fræðslusamtök fyrir fólk á aldrinum 18-35 ára og snýst um fjárfestingar og sparnað og erum við að kafa djúpt í einhverja sérstaka fjármálagerninga,

til dæmis bitcoin eða einhver ákveðin hlutabréf. Núna í Covid er svo lítill hópur sem nennir að hlusta á myndbönd um einhver ákveðin málefni. Það sem við erum að stefna á er fræða fólk um hlutabréf, skuldabréf eða eitthvað álíka sem höfðar til sem flestra. Framtíðarstefnan er að halda fræðslufundi á staðnum eins og var gert áður fyrr. Fræðslurnar tóku yfirleitt stað í skólastofum HÍ eða HR, þar sem það mynduðust oft tengslanet og alls kyns umræður.

### **Hver eru algengustu byrjendamistökin í fjárfestingum yfir höfuð að þínu mati?**

Ég myndi segja að það sé að vita ekki hvað þú ert að gera. Þeir þættir sem gott er að hafa í huga eru meðal annars hvort tímasetningin sé rétt, vita hvort að bréfið sé t.d. undirverðlagt og hvað er að gerast í hagkerfinu.

Tesla er til dæmis frábær bílaframleiðandi og það efast enginn um það, en eru þeir meira virði en aðrir bílaframleiðendur. Er réttur tímunktur að kaupa núna? Eru þeir að fara hækka eitthvað á næstu þrem árum? Ég held það sé það að menn ofmeta eigin getu og átta sig ekki á því hvað þetta er í raun flókinn leikur. Þú getur keypt í félagi sem þú veist að hefur ekki mikið virði, en ef það er í hækunarlegg þá getur myndast kaupþækifæri. Ef þú veist að aðrir ætla að halda áfram að kaupa í Teslu næstu 12 mánuðina og hafa trú á því, þá er engin ástæða til að kaupa ekki. En ef þú ert einstaklingur sem vill leggja inn og leysa út peninginn eftir 5 ár þá geta myndast áhættur.

### **Hverjar eru bestu sparnaðarleiðirnar að þínu mati?**

Vinir mínir stríða mér soldið oft út af þessu en ég er oft frekar nískur, ekki nískur þegar það kemur að gjöfum eða svoleiðis. Ef ég fer til dæmis að skemmta mér út í bæ þá er ég oftast búinn að drekka þegar ég mæti og reyni að kaupa sem minnst af barnum. Fólk vanmetur oft hvað aukinn sparnaður er áhrifamikill og veitir manni bæði áhyggjumina líf og vellíðan við það að vaxa eignarlega séð.

Það er góð sparnaðarleið að greiða í seðlum, tilfinningin fyrir peningunum verður meiri og þótt að allir aðrir séu að kaupa sér nýja hluti eða eitthvað dýrt þá þarf maður ekkert að elta, það er engin ástæða. Ég reyni bara að velja fáa hluti í líf mitt. Þetta snýst aðallega um lífstíl, minimalískan lífstíl. Það er algjör óþarfi að fara eitthvað út í hött með það, en að vera bara nokkuð hógvær í þessu öllu er nóg.

### **Afhverju finnst þér mikilvægt að ungt fólk hugsi um sparnað? Afhverju að efla þessa þekkingu?**

Þetta er náttúrulega mjög heimspekileg spurning og ég velti því oft fyrir mér. Hvað eru peningar? Fyrir mér eru peningar frelsi. Þú getur til dæmis sagt að þú ætlir að fara til Tælands á morgun, þetta gætir þú mögulega sagt ef þú átt nóg af peningum. Ef þú ert skuldsettur og ert að greiða einhver kreditkortalán þá er þú að einhverju leyti

## **“Finndu það svið þar sem þér finnst þú hafa einhverja yfirburði”**

einhverskonar þræll.

Fyrir mér orðaði Albert Einstein þetta ansi vel, hann sagði „The most powerful thing on Earth is the compound interest rate“, það er að segja veldisvextir, mér finnst fólk vanmeta það að þegar það byrjar að spara í dag og fjárfestir hvað það getur í rauninni átt mikið yfir einhvern ákveðinn tíma. Þá getur þú

sagt þegar þú verður 60 ára að þú ætlir bara að hætta að vinna og fara spila golf, þetta getur þú gert ef þú byrjar að spara í dag. Að eyða miklu í flöskuborð á b5 og að kaupa alltaf það nýjasta gefur þér ekki sömu valmöguleika eins og ef þú myndir spara. Mér líður oft bara illa ef ég eyði pening í einhverja vitleysu, það er alls ekki það að peningur hafi verið eitthvað vandamál, heldur það að ég veit að næsta dag mun mér líða núll betur eftir að hafa keypt það, þetta er allt bara svo mikil skammtíma hugsun.

### **Hvernig getur fólk kynnst verðbréfamarkaðinum betur og þeim stóra heim sem bakvið hann býr?**

Ég myndi líklegast byrja á því að nota forrit sem býður upp á svona gervipening (e. virtual currency) þannig að þá er hægt að fá tilfinningu fyrir markaðnum. Það eru til ótal leiðir í þessu og maður þarf bara að finna hvað hentar manni best og hvað hentar persónuleika manns. Það hentar til dæmis ekki öllum að þurfa að bíða í þrjú ár eftir einhverju, sumir vilja bara vakta markaðinn og vera dagkaupmenn (e. day traders).

Finndu það svið þar sem þér finnst þú hafa einhverja yfirburði, einhvern eignaflokk sem þú hefur áhuga á og tileinkaðu þér hann.

### **Hvað er í vændum hjá félaginu á þessu ári?**

Það sem við ætlum að einblína meira á núna er að hafa fræðslur um hvernig þú fjárfestir, til dæmis hvaða markaðsgreiningar þú getur notað og svo framvegis. Um leið og málin skýrast varðandi Covid verður hægt að plana eitthvað meira. Aðallega bara að sýna fólki hvernig hægt er að gera greiningar á félögum.

### **Hvaða ráðgjöf geturu gefið fólki í lokin?**

Skapaðu sérstöðu! Við búum í heimi þar sem það er oftast þannig að sigurvegarinn tekur allt. Ef þú veist allt um tómatu og ferð að fjárfesta í tómatframleiðslufyrirtækjum þá getur þú orðið milljarðarmæringur. Ég held að flestir falla í þá gryfju að elta hjörðina og sætta sig við það að vera bara fínir í einhverju, þótt þeir hafi eiginleika í það að vera bestir í einhverju ákveðnu. Vertu alltaf að finna þína eigin hlutfallslega yfirburði og hvar þú getur skapað þér sérstöðu.

# Skiptinám í Toulouse



**Blær Bjarkardóttir Rúnarsdóttir er tuttugu og þriggja ára en hún er þriðja árs nemi við Háskóla Íslands.**

**Haustið 2020 hóf hún skiptinám í Toulouse í Frakklandi og hefur stundað þar nám við Université de Toulouse.**

**Hvenær komstu til Frakklands og hvað ætlaru að vera lengi?**

Ég kom til Frakklands haustið 2020 og klára skiptinámið í vor.

**Hvers vegna ákvaðst þú að fara í skiptinám?**

Til þess að læra Frönsku. Ég bjó í Frakklandi áður en það var erfitt þar sem ég vann sem enskukennari og maður var ekki mikið að hanga með samstarfsmönnum en það var erfitt að kynnst fólki fyrir utan það umhverfi.

**Hvernig var umsóknarferlið?**

Umsóknarferlið er mjög auðvelt, þú velur stað og talar við skrifstofuna.

**Hvers vegna varð Suður-Frakkland fyrir valinu?**

Suður-Frakkland varð fyrir valinu því ég vildi vera tvær annir, svo ég gat ekki farið til Parísar. Ég hef búið í Lyon sem var líka í boði en vildi ekki fara þangað aftur svo Toulouse varð fyrir valinu.

**Hvernig er skólinn?**

Fyrsti dagurinn sem ég kom í skólann var ótrúlega spennandi, svo var þetta allt í fjarnámi en hef samt kynnst bekkjarfélögum mínum vel en ég sé inn í herbergin hjá þeim á hverjum degi og það er mikið talað í tímunum. Ég er búin að vera í eina önn, en núna að byrja seinni önnina og mér líður eins og ég sé að byrja upp á nýtt.



**Er gott félagslíf í skólanum?**

Félagslífið er að mestu leyti í gegn um Erasmus en þau halda viðburði og hittinga á börum.

**Hvernig er menningin í Frakklandi?**

Ég elska menninguna hérna, það er allt svo afslappað. Ég hitti til dæmis vini mína oft í hádeginu og við fáum okkur vín.

**Hvað kom þér mest á óvart þegar námið hófst?**

Þetta er öðruvísi nám og allir eru metnaðarfullir fyrir náminu, það var óþægilegt í byrjun að vera alltaf með myndavélina á í zoom tímum en það vandist og maður byrjaði að kynnst fólkinu. Ég var í sjokki hvað ég fæ lítið metið, er að fá tvo áfanga metna almennilega.

**Hvað er mest krefjandi að þínu mati við að fara í skiptinám?**

Ég var mest stressuð við að vera ein og að kynnst ekki fólki en er svo heppin að vera með meðleigjendur sem eru alltaf til í að plana eitthvað.

**Hvernig er að vera í skiptinám í miðjum heimsfaraldri?**

Þetta er besti og versti tíminn til að fara í skiptinám. Held ég sé í versta landinu í faraldrinum. Það er útgöngubann

en það er ekki jafn slæmt og ég hélt en ég kemst bara í eins kílómetra rás frá húsinu. Útivistarbannið er á milli sex að kvöldi til sex um morguninn. En mér finnst gaman að fá að vera í verkefnum mínum heima í gegn um netið.

### **Á hvaða tungumáli er námið?**

Námið er að mestu leyti á ensku en er svo í tveimur áföngum á frönsku og svo í einum íslenskum heima í fjarnámi.

### **Hvernig er frönskukunnátan þín núna?**

Er búin að læra mjög mikið en það er sérstaklega meðleigjendunum mínum að þakka. Ég bý með franskri stelpu og þýskum stráki og þegar útgöngubannið byrjaði þá byrjuðum við að halda keppnir innan hópsins sem hafa bætt frönskuna mikið.

### **Hvað er það sem stendur upp úr?**

Að drekka við Garonne á milli miðborginni. Meðleigjendurnir mínir sem ég dýrka og fólkið á neðri hæðinni. Það hefur svo verið áhugavert að fylgjast með samkomubanninu og horfa á blaðamannafundina hvort það verði útgöngubann eða ekki.

### **Áttu einhverja skemmtilega sögu að segja frá síðan þú komst til Frakklands?**

Útgöngubanns partýin sem hafa verið haldin þar sem er oft mikið stress og maður getur lent í því að eiga samskipti við lögregluna, ég er oft smeyk við lögregluna hér en frökkunum er nánast sama um yfirvöld. Lögreglan kemur oft í partýin að biðja fólk um að lækka í tónlistinni. Þessi partý eru frá sex um kvöldið til sex á morgnanna og ef þú vilt fara fyrr heim áttu á hættu að vera stoppaður af lögreglunni.

### **Mælir þú með skiptinámi?**

Já 100% maður fær styrk og mikið utnumhald.

### **Hvaða ráð hefur þú fyrir þá sem ætla í skiptinám?**

Það er mikilvægt að vera opinn fyrir öllu þegar þú kemur og fara á event sem koma upp þó þú farir einn. Þetta venst en ég var búin að gera mig tilbúna að vera hrædd og að grenja fyrstu vikuna. Ég var svo heppin að kynna meðleigjendum mínum í byrjun.

### **Hver er helsti munurinn á að stunda háskólanám á Íslandi og í Frakklandi?**

Það er mikil hópavinna og allir með mikinn metnað, frakkarnir eru flestir þannig að þeim finnst hafa verið góður fundur ef allir hafa verið aðeins að þræta. Á Íslandi er meira þannig að einn er að reyna að segja eitthvað í hópaverkefnum.

### **Ertu spennt að koma aftur heim til Íslands?**

Ekki núna, er nýkomin aftur, það verður alveg næs að koma heim en örugglega sjókk að þetta sé þá í alvöru búíð. En það er erfitt að vera í burtu frá fjölskyldunni, ég á bróður sem er eins árs og kærasta heima svo það er erfitt. Ég mun svo leita mér að vinnu hér fyrir sumarið til að halda áfram að læra frönskuna.



# Ketchup Creative

Auglýsingstofa



Ketchup Creative var stofnað árið 2017 af Arnari Má Eyfells og Sindra Jóhannssyni. Hugmyndin á bakvið nýja fyrirtækið var að þróa gervigreind en breyttist síðan í auglýsingastofu og sprotafyrirtæki. Daginn í dag eru þeir þrír sem eiga fyrirtækið en hann Hlynur Hólm bættist í hóp eigenda seinna meir. Spurning sem þeir fá oft er „Af hverju Ketchup Creative?“. Sú hugmynd varð til við setninguna „You have to catch up to be creative“, þú þarft að fylgja flórunni til þess að vera sniðugur.

Markmið fyrirtækisins við stofnun var að verða fyrsta auglýsingastofan sem gerir ekki auglýsingar. Þeir skilgreina sig sem fyrirtæki sem býr til markaðaafþreyingu (e. branded entertainment). Hugsunin bakvið framtíðarstefnu þeirra var að búa til efni sem höfðar



til næstu kynslóðar, þar sem neytendur hennar forðast hefðbundnar auglýsingar. Til þess að viðhalda vörumerkjavirði þarf að halda markhópnum á tánum. Ketchup hefur það að leiðarljósi að gera allt innanhúss.





# WHAT HAPPENS AT NESU



# STAYS AT NESU

***NESU, Nordic Economic Student Union, er öflugt norrænt nemendafélag. Venjan er að NESU ráðstefnan fari fram tvisvar á ári, í mars og nóvember en sökum kórónuveirufaraldursins verður næsta ráðstefna haldin haustið 2021. Auður Elísabet Guðrúnardóttir & Auður Ólafsdóttir segja okkur nánar frá þessari veislu.***

**N**esu-ráðstefnan er vikulöng og býður upp á einstakt tækifæri til að kynna viðskipta- og hagfræðinemum á norðurlöndum auk þess að dýpka þekkingu á náminu og takast á við raunveruleg verkefni eða vandamál hjá fyrirtækjum.

Yfir vikuna eru fjögur dagprógröm þar sem stjórnendur koma, kynna fyrirtæki sín og vandamál sem þau eru að fást við og nemendur vinna saman í hópum við að finna lausnir. Verkefni eru fjölbreytt og ráðast af þema hverrar ráðstefnu fyrir sig. Nýleg fyrirtæki sem nemendur hafa leyst verkefni fyrir er t.d Ernst&Young, Meyer Turku, Ísey skyr og Tesla en við fengum meðal annars að heimsækja höfuðstöðvar Tesla í Finnlandi sem var magnað. Fyrirkomulagið gefur þátttakendum tækifæri til að efla tengslanet sitt og hafa margir fengið atvinnuboð samhliða námi eða að loknu námi vegna ráðstefnunnar.

Dagprógramið er þó aðeins brotabrot af því sem gerist yfir vikuna því meginmarkmiðið er að komast í gegnum kvöld- og næturprógramið.




Ráðstefnan hefst á bústaðarferð þar sem allir kynast vel.. eða mjög vel og enginn virðir 2 metra regluna. Þetta er frábært leið til að kick starta vikunni og undirbúa heilasellurnar fyrir fyrsta verkefnið sem hefst á þriðjudeginum. Restin af kvöldprógraminu er ekki síðri en þar er bland af t.d: Karaoke party, city run/pub crawl, sundlaugaparty og "easy nights" sem eru alls ekki easy nights.

Vikan endar á Galakvöldverði á laugardeginum þar sem allir fara í sitt finasta púss, borða þriggja rétta kvöldverð, njóta góðs af opnum bar allt kvöldið og skemmta sér fram undir morgun eða þar til síðasta manneskjan yfirgefur svæðið.

Sökum Covid hefur síðustu tveimur ráðstefnum verið aflýst en stefnt er að því að næsta ráðstefna verði haldin í byrjun nóvember 2021 í Lappeenranta, Finnlandi.

Háskóli Íslands mun senda sína fulltrúa á ráðstefnuna og munu þeir halda heiðri Íslendinga uppi eins og þeim er einum lagið. Umsóknarfrestur fyrir næstu ráðstefnu hefst í september og því er kjörið að byrja æfa þolið sem hefur eflaust minnkað eftir árið 2020.

Hægt verður að fylgjast með öllum helstu upplýsingum varðandi næstu ráðstefnu og umsóknartímabilið á NESU\_Iceland Instagraminu. Einnig er ykkur velkomið að senda á okkur skilaboð í gegnum facebook ef þið hafið einhverjar spurningar.

 @nesu\_Iceland



# Jungle Coctail Bar



***Jungle Coctail Bar er staðsettur á Austurstræti 9 í hjarta Reykjavíkur. Þar er að finna breitt úrval af kokteilum og drykkjum fyrir þá sem vilja gera sér glaðan dag.***

Jónas Heiðarr og Jónmundur Þorsteinsson opnuðu kokteilbarinn Jungle Coctail Bar þann 8.nóvember árið 2019. Eftir að hafa unnið sem barþjónar í rúm fimm ár á Apotek kitchen+bar fengu þeir þá hugmynd að stofna sinn eigin stað. Áður en þeir stofnuðu Jungle höfðu þeir rekið fyrirtækið Citrus frá því í maí 2018, þar sem fólk gat bókað þá í alls kyns veislur til að búa til kokteila og halda uppi stemningunni.



Jónas og Jónmundur

Í heildina eru þeir sex sem eiga Jungle. Jónas og Jónmundur eiga 85% af Jungle en fjórir aðrir vinir þeirra deila með sér 15%. Þeir eru Jakob Eggertsson, Ólafur Andri Benediktsson, Sindri Árnason og Víkingur Thorsteinsson.

Það sem hefur hjálpað mikið við reksturinn hjá þeim

er orðsporið sem þeir hafa sem barþjónar. Jónmundur hefur t.d. unnið 15 verðlaun í kokteilakeppnum um allan heim, s.s. World Class. "Við hefðum aldrei stofnað Jungle hefðum við verið einhver Palli út í bæ, það hefði aldrei virkað".

Staðsetningin á Jungle er mjög góð þar sem þeir eru umkringdir veitingastöðum sem þekkja vel til þeirra, og gera mikið af því að senda viðskiptavinum yfir til þeirra. Það mætti einnig segja að Jungle sé ákveðin félagsmiðstöð fyrir starfsfólk í veitingabransanum.

Þrátt fyrir að það sé að finna aðra kokteilbari á Íslandi er Jungle sá eini þar sem þjónað er til borðs óháð því hversu mikil aðsóknin er. Með því að þjóna til borðs skapa þeir ákveðna stemningu sem þeir hafa kynnst á börum um allan heim og er ekki vel þekkt á Íslandi. Þeir telja að það gefi þeim ákveðið forskot á samkeppnisaðila.

Framtíðarstefna þeirra fyrir Jungle er að staðurinn vaxi og dafni skuldlaust og verði að sjálfbærri fyrirtæki. Þeir sjá fyrir sér að stofna annan stað, en myndu alltaf vilja hafa einstakt andrúmsloft fyrir hvern þeirra. Langtíma markmið er að fara með vörumerkið út og opna stað, ef tækifæri til þess opnast.

Markaðssetning þeirra byggist á orðspori (e. word of mouth). Þeir hafa aldrei keypt auglýsingaherferð og segjast ekki muna þurfa á því að halda, þar sem orð viðskiptavina er sterkasta markaðssetningin að þeirra mati.

Þeir sýna sífellt frumkvæði og nýbreytni með því að gera



drykki sem aðrir hafa ekki gert. Þeir vilja ekki lenda í því að þeir séu ekki ánægðir og spenntir fyrir drykkjunum sem þeir bjóða upp á. Þeir eru duglegir að endurnýja seðilinn, hreinsa út alla drykkina og búa til nýja drykki. Þetta heldur fastakúnum og þeim sjálfum spenntum.

Fyrir nokkrum mánuðum fóru þeir í samstarf við fyrirtækið Plastplan. Þeir sérhæfa sig í endurvinnslu plastefna, hönnun og fræðslu. Plast er vikulega sótt á Jungle og nákvæmlega sama plasti skilað til baka skömmu síðar í formi glasamotta.

Það sem þeir hafa mesta ánægju af í sinni vinnu er að fá



Glasamotturnar frá Plastplan

til sín viðskiptavini, að veita þeim skemmtilega upplifun og skapa góða stemningu. Andrúmsloftið er alltaf rafmagnað, sérstaklega um helgar. Þar sem allir eigendurnir eru mjög góðir vinir gerir það vinnudagana hjá þeim enn betri. Þeir hafa allir mjög gaman af vinnunni sinni, þrátt fyrir að vinnudagarnir geti verið erfiðir og langir segja þeir að þetta sé allt þess virði.

Þau ráð sem þeir myndu gefa framtíðar barþjónum er að fara beint út á vinnumarkaðinn. Jónas var erlendis í barþjónaskóla í nokkra mánuði en fannst það ekki fara nægilega djúpt. Þeir eru allir duglegir að kynna sér það sem er nýtt í heimi barþjóna og drykkja. Þeim þykir sömuleiðis gagnlegt að tala við þá sem eru með mikla reynslu í kokteilagerð og læra af þeim.

“Þú getur ekki átt fyrirtæki ef þú ert ekki tilbúinn að vinna 24/7 til að koma fyrirtækinu þínu á þann stað sem þú ert ánægður með.”

Ritnefndin mælir eindregið með að allir gefi sér tíma og kíkji yfir á Jungle Cocktail Bar við næsta tækifæri.

*“Við hefðum  
aldrei stofnað  
Jungle hefðum  
við verið einhver  
Palli út í bæ”*

# Máguð x Jungle

Ritnefnd kíkta í heimsókn á Jungle Cocktail Bar þar sem strákarnir tóku vel á móti okkur. Þar komum við með þá hugmynd að búa til nokkra kokteila sem Máguðingar geta búið til áður en þeir kíkja á bæjarlífið.

## Southside

45ml gin (1 ½ skot)

20ml sykursíróp (⅔ skot)

20ml ferskum lime safa (⅔ skot)

Handfylli af myntu og klaka

Hrista og sigta klakann frá



## Krækiberjabaukur

45ml vodka (1 ½ skot)

15ml krækiberjalíkjör (½ skot)

15ml ferskur lime safi (½ skot)

Hrista með klaka og sigta frá

Hella út í glas með klökum

Toppa með engiferbjór (óáfengum)



# Bitcoin og rafmyntir

## Viðtal við Myntkaup

### **Hvað er Bitcoin?**

Bitcoin er alþjóðleg, ómiðlæg (e. decentralized) rafmynt, það er enginn einn aðili sem stjórnar Bitcoin. Bitcoin er fyrsti peningurinn sem er algjörlega án landamæra, ekki hægt að ritskoða og hægt er að senda hvert sem er í heiminum á svipstundu. Bitcoin lifir á stafrænni höfuðbók (e. digital ledger). Þessi stafræna höfuðbók er kölluð bálkakeðja (e. blockchain). Millifærslur á þessari stafrænu höfuðbók eru hópaðar saman í bálka (e. blocks).

### **Fyrir hverja er bitcoin?**

Bitcoin þjónar mismunandi tilgangi fyrir mismunandi fólk. Það eru margar ástæður fyrir því að fólk notar bitcoin, en eftirfarandi eru helstu ástæður þess að fólk notar bitcoin eins og við sjáum það: - sem áhættufjárfestingu, sem vörn gegn verðbólgu, sem leið til þess að senda verðmæti þvert yfir heiminn allan sólarhringinn, alla daga ársins og án þess að treysta á þriðja aðila, - sem leið til að senda verðmæti í gegnum tíma og rúm, framboð af bitcoin er takmarkað sem gerir það að kjörnum geymslustað fyrir verðmæti (e. store of value), leið fyrir þegna til að bjarga verðmætum í ríkjum þar þjóðargjaldmiðillinn hefur verið til vandræða (t.d. lönd eins og Venesúela, Argentína, Tyrkland, Líbanon o.s.frv.) og fleira. Bitcoin er fyrir fólk á öllum aldri sem hefur áhuga á að kynnast grundvelli peningakerfis framtíðarinnar.

### **Er gengið almennt stöðugt?**

Gengi bitcoin er mjög sveiflukennt enda erum við að sjá nýjan eignaflokk (e. asset class) verða til í rauntíma. Margir líta á bitcoin sem spennandi fjárfestingarkost enda hefur gengi bitcoin hækkað mikið síðustu ár og mun að öllum líkindum halda því áfram eftir því sem eftirspurn eykst. Bitcoin hefur vaxið mikið og heildarverðmæti bitcoin eignaflokksins náði billjón bandaríkjadollurum í fyrsta skipti í sögunni nú á dögum. Við erum að horfa upp á byltingu í peningatækni og áhrifin sem bitcoin gæti haft á heiminn eru af sömu stærðargráðu og tilkoma internetsins hafði á heiminn. Aðeins er til takmarkað magn af bitcoin. Það verða aldrei meira en 21 milljón bitcoin í umferð og ef eftirspurn heldur áfram að aukast þá mun það búa til þrýsting á verð upp á við.

### **Af hverju rafgjaldmiðill frekar en hefðbundinn?**

Margir velja að geyma sín verðmæti í bitcoin þar sem bitcoin er harðari peningur en þjóðargjaldmiðlar í þeim skilningi að ekki er hægt að prenta meira bitcoin eftir hentisemi líkt og hægt er að gera með þjóðargjaldmiðla. Saga peninga sýnir að ef peningamagn er aukið of mikið að þá rýrir það verðgildi núverandi peningamagns. Verðbólgan sem skapast af aukningu peningamagns er í raun óbeinn og falinn skattur á almenning. Þegar stýrivextir eru svo lágir líkt og raun ber vitni og vextir á innlánum banka nánast engir þá leitar fólk í aðrar fjárfestingar til þess að

verja sig gegn verðbólgu. Fólk er að leita með peningana sína í hlutabréf, fasteignir og í bitcoin í stóru auknum mæli.

### **Er bitcoin gjaldmiðill framtíðarinnar?**

Peningur hefur þrjú megineiginleika: geymslustaður fyrir verðmæti (e. store of value), greiðslumiðill (e. medium of exchange) og mælikvarði á verðmæti (e. unit of account). Síðustu áratugi hefur verið lögð ofuráhersla á greiðslumiðlunar-eiginleikann en lítið verið hugsað um pening sem verðmætageymslu. Í gegnum aldirnar hefur gull þjónað þessum tilgangi sem bæði verðmætageymsla og greiðslumiðill.

Gull geymir verðmæti vel vegna

þess að ekki er hægt að auka

peningamagn í umferð á

einfaldan máta. Mikla vinnu

þarf til þess að grafa gull úr

jörðinni með námugreftri

og það veldur því að

aðeins er um 1-2%

aukning í heildarmagni

á gulli í umferð á hverju

ári. Bitcoin kerfið er

byggt á því hvernig

gull virkar, þ.e. til þess

að búa til nýtt bitcoin

þarf mikla vinnu í formi

bitcoin "námugraftar"

þar sem tölvur keppast við

að staðfesta millifærslur á

bitcoin netinu og fá verðlaun

fyrir í formi bitcoin ef þeim tekst

það. Þá er aðeins til takmarkað magn af

bitcoin líkt og af gulli. Best er að líta á bitcoin

sem stafrænt gull og í dag er bitcoin meira notað sem

verðmætageymsla vegna þeirra eiginleika sem það hefur

frekar en greiðslumiðill. Mín sannfæring er sú að bitcoin

muni spila mikilvæga rollu á næstu árum og áratugum í

peningakerfi heimsins. Ég mæli með því að fólk kynni sér

sögu peninga og bitcoin vel því að tækifærin leynast í

nýjum og vaxandi mörkuðum líkt og rafmyntamarkaðnum.

### **Hvað gerir Myntkaup?**

Myntkaup er íslenskur skiptimarkaður fyrir rafmyntir. Íslendingar geta skráð sig á Myntkaup með rafrænum skilríkjum, lagt inn pening með bankamillifærslu eða Aur og keypt og selt bitcoin. Við erum einnig með app á leiðinni sem mun gera það enn einfaldara fyrir íslendinga að stunda viðskipti með bitcoin.



# Stefán og peningasafnið



**Stefán Haukur Arnarsson er 23 ára viðskiptafræðinemi úr kópavoginum sem hóf að safna peningaseðlum aðeins 15 ára gamall. Við fengum að kíkja til hans í heimsókn og skoða peningasafnið hans og ræða við hann um áhugaverða peningaseðla. Peningaseðla safnið hans er í kringum 350 seðlar frá 103 mismunandi löndum.**

**Hver ástæðan fyrir því að þú byrjaðir að safna peningaseðlum?**

Þetta byrjaði allt eftir að ég var að vinna á kassa í IKEA. Einn daginn kom kona á kassann til mín og borgaði með fimmhundrað króna seðli sem var afar frábrugðinn öllum þeim fimmhundrað krónaseðlum sem ég hafði séð áður. Hún rétti mér seðilinn og ég skoðaði hann vel, horfði svo á hana og sagði "bíddu aðeins. Ég kallaði í einn öryggisvörðinn á svæðinu og spurði hann „er þetta ekki falsður peningaseðill?“ Öryggisvörðurinn skoðaði hann og sagði við mig „ Nei þetta er bara gamall seðill. Konan borgaði með seðlinum og ég ákvað að skipta honum út og tók hann með mér heim. Ég kannaði málið betur og komst stuttu seinna að því að það væri fólk þarna úti sem keypti gamla peningaseðla til þeim tilgangi að safna þeim. Ég komst að því til dæmis að ég gæti selt gamlan fimmhundrað króna seðill fyrir nokkur þúsund krónur. Ég hugsaði þá með mér að það væri frábær viðskiptahugmynd að safna gömlum peningaseðlum, selja þá og stórgræða á því. Smátt og smátt byrjaði ég að geyma þá einstöku og gömlu seðlanna sem ég fékk til mín á kassanum í IKEA. Ég ætlaði mér alltaf að selja þá en svo tók safnaraeðlið yfir og í dag á ég yfir hundrað mismunandi íslenska peningaseðla.

**Hvernig veistu að íslenskir peningaseðlar séu einstakir?** Það er ákveðið númer á seðlinum sem segir til um hvort



500kr. seðillinn sem byrjaði safnið.



Seðlar frá Norður-Köreu.





**Flottasti seðillinn?**

Íranski seðillinn minn

**Elsti seðillinn þinn?**

Austur-Ungverjaland, hann er frá aldmótunum 1900.

**Verðmætasti seðillinn þinn?**

Þúsund króna seðillinn minn númer 11

**Nýjasti seðillinn þinn?**

Seðlar frá Túrkménistan



Ellefti þúsund króna seðillinn sem gefinn var út.



Seðill frá Íran.



Seðill frá Íran.



Seðill frá Írak.

hann sé gallaður í framleiðslu eða númer hvað hann er í allri framleiðslunni. Þeir seðlar sem hafa einstaklega lág númer eru afar dýrmætir og því lægra sem númerið er því verðmætari eru þeir. Til dæmis íslenskur fimmhundrað krónaseðill í almennri umferð eyðist á um það bil tíu árum og því er svo sjaldgæft og mikil heppni að finna seðil sem eru með lágu númeri. Þeir seðlar sem eru merktir með Z fremst í framleiðslunúmerinu eru gallaðir seðlar sem þýðir að þeir hafa komið í staðinn fyrir þá seðla sem reyndust gallaðir í framleiðslunni og teljast þeir einnig verðmætir því þeir eru afar sjaldgæfir.

**Hvar færðu flesta peningaseðlana þína?**

Ég fékk flesta íslensku seðlanna mína á kassanum í IKEA. Þá erlendu hef ég keypt á ýmsum netsíðum eins og Facebook eða Ebay. Ég keypti stóru og gömlu íslensku seðlanna mína fyrir fimmtán þúsund til tuttugu þúsund krónur á Facebook.

**Er ekki erfitt að finna gamla peningaseðla í dag?**

Nei alls ekki, það eru oft uppboð á Facebook!

**Uppáhalds seðillinn þinn og afhverju?**

Ég á tvo uppáhalds seðla. Seðillinn sem konan IKEA borgaði með sem fékk mig til þess að byrja að safna. Hann var gefinn út árið 1981 og er númer D00000249 sem þýðir hann tvö hundruð fertugasti og níundi seðillinn sem var gefinn út af öllum þeim fimm hundruð króna seðlum sem hafa verið framleiddir. Hinn uppáhalds seðillinn minn kom líka á kassanum hjá mér í IKEA og er gamall þúsund króna seðill með númerið D00000011 sem þýðir að hann er ellefasti þúsundkallinn sem var útgefinn á landinu.

# Stjörnuþspá



**Steingeit** (22. des. - 19. jan.)

**Besta match:** Meyja, naut, fiskur.

Jæja steingeit, nú verður þú að brjótast út úr kassanum og verða að geitinni (G.O.A.T.) sem þú ert innst inni. Einbeittu þér að listrænu hlið þinni og þú mátt búast við því að þú verðir opinn og öruggur með þig. Þú tekur til í kringum þig og kemur reglu á tilfinningar þínar og hefur mikinn metnað fyrir þeim verkefnum sem þú tekur fyrir. Ekki vera hræddur við að fara út fyrir þægindarrammann, vertu smá crazy.

Ábyrgð - Agi - Sjálfstjórn - Alvarleiki



**Vatnsberi** (20. jan. - 18. feb.)

**Besta match:** Hrútur, vog, tvíburi.

Kæri vatnsberi, nú skalt þú nota viðskiptafræðina og einbeita þér að fjármálum, stofnaðu íbúðarreikning, þú ert í Háskóla. Láttu sjálfstraustið ekki blekkja þig, þú ert mannlegur og þarft að hugsa um útlitið eins og við hin. Ef þú gerir það þá munu ástarmálin blómstra. Þú ert sterkari en venjulega í að meta aðstæður en getur lent í að vera aðeins of sjálfelskur og hvatvís.

Sjálfstæður - Upprunalegur - Feiminn - Hljóðlátur



**Fiskur** (19. feb. - 20. mars.)

**Besta match:** Bogamaður, steingeit, vog.

Fiskur nú rífuru þig í gang. Covid er ekki afsökun til þess að vera einn og hætta að sinna þínum félagslegu skyldum í samfélaginu. Hættu að hugsa um hvernig fólk sér þig. Innst inni hefur þú löngun til þess að tjá þig og sýna hver þú raunverulega ert og þú leyfir öðrum ekki að hafa áhrif á þig. Allir elska gott comeback og nú er þinn tími til þess að skína!

Gáfaður - Listrænn - Ljúfur - Vinalegur



**Hrútur** (21. mars. - 19. apríl.)

**Besta match:** Tvíburi, ljón, vatnsberi.

Ástríðufulli hrúturinn minn, lífið er ekki flókið, hreinskilni og bjartsýni ná langt. Einbeittu þér að því að hafa jafnvægi á félagslífi þínu. Of mikil hreinskilni getur hins vegar verið slæm, passaðu að hreyta ekki út úr þér öllu sem þú hugsar og vanda þig við að koma betur fram í samskiptum. Hættu öllu baktali þennan mánuð, annars mun það koma í bakið á þér. Vertu bara happy því lífið er veisla, þú þarft bara að ýta á going.

Öruggur - Bjartsýnn - Hreinskilin - Ástríðufullur



**Naut** (20. apríl. - 20. maí.)

**Besta match:** Krabbi, sporðdreki, vog.

Traustvekjandi nautið mitt. Í þessum mánuði ertu einbeittur að því að vinna að framtíðarplönunum þínum. Þú sérð framtíðina fyrir þér og finnur leiðir til að komast þangað. Þú býrð yfir mikilli þolinmæði sem kemur þér í haginn núna. Þú þarft að vara þig á stressi svo reyndu að skipuleggja þig vel og passaðu að vera ekki of hvatvís þegar það kemur að fjármálum. Rómantíkin er alltaf í loftinu hjá þér, vertu með augun opin þar sem þú veist aldrei hvað getur gerst. Hver veit nema drauma makinn sé handan við hornið.

Þolinmóður - Traust - Stabill - Snoozefest



**Tvíburi** (21. maí. - 21. júní.)

**Besta match:** Hrútur, sporðdreki, vog.

Forvitnispésinn minn, þú ert ljúfur og ástríðufullur. Í lok þessa mánaðar verður þú einbeittur af starfsferli þínum, hvernig þú getur komist lengra í lífinu og hvernig þú getur haldið áfram að bæta mannorð þitt. Þú finnur fyrir mikilli og sterkri orku, þú ert mjög ákveðinn og þér líður eins og þú getir gert hvað sem er. Þeir sem að þekkja þig best vita að þú lumar á tveim persónuleikum og vita aldrei á hvorum þau lenda á. Þú hefur þann frábæra hæfileika að geta talað við alla, notaðu þá hæfileika í ástarmálin þín.

Forvitin - 2 persónuleikar - Ljúfur - Lærir fljótt



**Krabbi** (22. júní. - 22. júlí.)

**Besta match:** Naut, meyja, fiskur.

KING CRAB, þú hefur gífurlegt hugmyndaflug leyfðu því að njóta sín. Í þessum mánuði verður þú einbeittur að því að læra eitthvað nýtt og finna út hvaða skoðanir þú hefur á mismunandi hlutum. Þú hugsar vel um fjölskyldumeðlimi og vini þína en þú verður að passa að gleyma ekki að hugsa um þig svo þú þarft að reyna að finna jafnvægi þarna á milli. Þeir sem eru þér næstir vita að þú ert traustasti vinur þeirra, það vilja allir hafa einn Krabba í sínum vinahóp.

Trygglyndur - Hugmyndaflug - Tilfinningaríkur - Sannfærandi



**Ljón** (23. júlí. - 22. ágúst.)

**Besta match:** Vog, meyja, hrútur.

Ljónsi, þennan mánuð ert þú einbeittur að sálarlífinu, þú losar þig við óþarfa hugsanir eins og það sem hræðir þig eða það sem gerir þig óöruggann með þig. Sjálfstraustið er þitt helsta vopn, breiddu úr þér og sýndu hvernig þú ert æðri. Þú þarft að passa þig á því hvað þú setur á samfélagsmiðla og hvernig þú talar við eða um fólk í gegnum netið. Ímynd

þín er byggð eins og spilaborg, ef þú ferð ekki varlega þennan mánuð, getur þú orðið canceled.

Skapandi - Stutt í grínið - Gjöfmildur - Hamingjusamur -



**Meyja** (23. ágúst. - 22. sept.)

**Besta match:** Krabbi, steingeit, naut.

Snyrtipinninn minn þú ert traustur og góðhjartaður. Núna ertu einbeittur að samböndum hvort sem það eru félagsleg, ástar eða vinnu tengd sambönd. Þú vilt styrkja þau tengsl sem þú átt nú þegar við fólkið í lífinu þínu en þú vilt einnig mynda ný tengsl. Núna er góður tími til þess að losna undan samböndum sem hafa slæm áhrif á líf þitt.

Traustur - Góðhjartaður - Vinnusamur



**Vog** (23. sept. - 23. okt.)

**Besta match:** Ljón, naut, vatnsberi.

Elsku félagslynda vogin mín núna ert þú heilsusamur, einbeittur að mataræðinu, stundar æfingar og einbeittur að því hvernig þú getur byggt upp betri ávana. Ef þú lendir í ósættum við yfirmenn eða kennara á þessum tíma skaltu passa þig að segja þínar skoðanir með virðingu við aðilann svo ekki verði slæmar afleiðingar.

Samvinnufús - Sanngjarn - Félagslegur



**Sporðdreki** (24. okt. - 21. nóv.)

**Besta match:** Naut, krabbi, tvíburi.

Elsku brjálaðingurinn minn, í þessum mánuði þarftu að róa þig niður. Síðustu mánuðir hjá þér hafa verið erfiðir, samkomubann fer ekki vel í stóra persónuleika. En berserksgangurinn verður að linna áður en þú brennir allar brýr. Hættu á Tinder og einbeittu þér að áhugamálum þínum, spjallaðu við fjölskylduna þína og gerðu smá Yoga. Gefðu fólkinu í kringum þig séns, líka lúðunum. Mundu að það geta aðrir líka haft rétt fyrir sér.

Hugrakkur - Þrjúskur - Útsjónarsamur - Öfundýki



**Bogamaður** (22. nóv. - 21. des.)

**Besta match:** Vatnsberi, fiskur, hrútur.

Kæri Bogamaður, það er alltaf stutt í húmorinn hjá þér. Í lok þessa mánaðar verður þú einbeittur að heimilis lífi þínu og fjölskyldunni þinni. Þú styrkir tengsl þín við nánustu fjölskyldu og vini. Þú setur skýr mörk fyrir fólkið í lífinu þínu hvernig þú vilt að sé komið fram við þig og þína nánustu. Þú hleypir ekki hverjum sem er nálægt þér en reyndu að ýta fólki ekki frá þér. Þú ert mikil útivera og ættir að eyða meiri tíma í skemmtilegar fjallgöngur, jafnvel kíkja á eldgosíð.

Mikill húmor - Örlátur - Hugsjónamaður

# Gallup persónuleikakönnun

**Jell-o. Hefur þig einhvern tímann langað til þess að vita hvaða neyslu- og lífstílshóp þú tilheyrir samkvæmt Gallup? Já þá er heppnin með þér kærri lesandi! Hér að neðan eru nokkrar stuttar spurningar sem, í gegnum töluverðar rannsóknir, ættu að segja til um hvaða hópi þú tilheyrir og hvernig best sé að nálgast þig í söluskyni.**

## Spurning 1.

**Hvað er lífsmottóið þitt?**

- a) When i'm sad i stop being sad and be awesome instead
- b) I'm Vegan - Bite me
- c) Be classy not trashy
- d) Gullna Reglan

## Spurning 2.

**Hvað myndi klúbburinn þinn heita?**

- a) Club Penguin
- b) Love shack
- c) Boogie palace
- d) Marglyttan

## Spurning 3.

**Go to drykkur?**

- a) Vodka í dew
- b) Náttúruvín
- c) Tommi og Jenni
- d) Brennivín

## Spurning 4.

**Uppáhalds bíómynd?**

- a) Star wars episode 5, sem er "actually" mynd númer tvö!
- b) Cowspiracy
- c) Mean Girls
- d) Jesus Christ Superstar

## Spurning 5.

**Hvað er það fyrsta sem þú gerir þegar þú vaknar?**

- a) Kíkja á stocks í gamestop
- b) Yoga
- c) Ennþá á TikTok síðan í gær
- d) Búa til graut

## Spurning 6.

**Í hverju sefur þú?**

- a) Bol og nöllum
- b) Engu
- c) Í því sem ég var að djamma í
- d) Náttkjól



## Spurning 7.

**Hvað viltu vinna við?**

- a) Forritari hjá CCP
- b) Rokkstjarna
- c) Eiga mitt eigið Djamm hlaðvarp
- d) Starfsmaður á Bókhöðunni

## Spurning 8.

**Uppáhalds íþrótt?**

- a) Rafíþróttir
- b) Pókó
- c) Beyoncé dans í Kramhúsinu
- d) Fallin spýta

## Spurning 9.

**Karakter úr Office?**

- a) Dwight
- b) Oscar
- c) Kelly
- d) Stanley

**Flettu á síðu 42 til að sjá niðurstöður**



ég fer bara í viðskiptafræði



glósa á hverjum degi



læri allt um peninga



og bý til mitt eigið fyrirtæki!!



"Færir uppgjörsfærslur beint í aðalbókina"

Dagbókin:




viðskiptafræðingur

"ég er í fjármálageiranum"

Enginn:

Fólk sem tekur heimaprófin saman:





# Niðurstaða úr persónuleikakönnun Gallup

**Ef þú svaraðir flestu með a) tilheyrir þú...**

**Bláa hópnun:**



Kæri lesandi, þú elskar tækni, internetið og að sitja lengi einn fyrir framan tölvuskjá. Þú pantar mikið í gegnum netið og þú ert með mjög gott menntunarstig. Þú ert strangheiðarlegur íþróttadýrkandi en ekki iðkandi, elskar skyndibita og vilt helst stóra og hraðskreiða bíla til að bæta upp fyrir lága stöðu í samfélags fæðukeðjunni. Þú ert team Samsung og átt alltaf nýjasta símann og græjurnar á markaðnum. Drauma friið þitt væri að fara til Nýja Sjálands í hobbitaholu til að labba til Mordor.

**Ef þú svaraðir flestu með c) tilheyrir þú...**

**Fjólubláa hópnun:**



OMG lesandi, þú ert fylgist vel með nýjustu tísku og ert nánast kaupóður! Heldur betur auðvelt að selja þér hluti. Þú þarft að kaupa hluti til þess að styrkja ímynd þína og eltist við tísku og gengst upp í ákveðnum ímyndum. Þín helsta veita af hamingju er veraldlegur auður. Þú hefur lélega menntun en skítsæmilegar tekjur og hefur áhuga á íþróttum, bílum, hraða og spennu. Uppáhaldsmaturinn þinn er skyndibiti, pullur og sammarar og drauma kvöldið þitt er að bíða í röðinni á B5 til lokunar.

**Ef þú svaraðir flestu með b) tilheyrir þú..**

**Græna hópnun:**



Kæri viðskiptafræðinemi, I hate to break it to you en þú átt ekki heima hér. Andlegur auður skiptir þig meira máli en veraldlegur og þú ert strangur umhverfissinni. Þú ert hausverkur fyrir búðarkeðjur en þitt helsta framlag er að kaupa notað. Þú hefur áhuga á menningu, list og útvist og uppáhaldsbíllinn þinn er Fiat 500e. Þú hinsvegar hatar tísku, tækni og kapítalisma, fuck capitalism! Þér finnst gaman að prófa nýjan mat á Kaffi Vest og elskar að djamma á Lunga, airwaves eða innipúkanum en færð þér alltaf vegan lífrænt nátturuvín, rautt en ekki hvítt d'uh.

**Ef þú svaraðir flestu með d) tilheyrir þú..**

**Bleika hópnun:**



Kæri lesandi, þú ert sá eini sem hefur eitthvað vit eftir í kollinum, trúrækin og þjóðernissinnaður. Tækni og nýjungar skipta þig engu og hey if it ain't broke why fix it? Hinsvegar eru einkenni þín lágt menntunarstig og heilsteyptur áhugi á íslenskri menningu, garðrækt og bókalestri. Þínar helstu fjárfestingar eru í hverfis sjoppunni og í blómaval. Áhættur eru fyrir aula og uppáhalds maturinn þinn er þorramatur. Þú hatar að djamma en ef neyddur til þá ferðu á íslenska barinn, annars er best að sitja heima og horfa á línulega dagskrá.



## Meistaranaám við viðskiptadeild HR

Opið fyrir umsóknir á [hr.is](http://hr.is) frá **5. febrúar**

- // Hægt að ljúka á 14 mánuðum með sumarönn
- // 90 ECTS einingar
- // MSc-gráða eða viðbótargráða á meistarastigi
- // Byggt á alþjóðlegum kröfum og þróað í samráði við atvinnulífið

@haskolinnireykjavik #haskolinnrvk

@haskolinnireykjavik

# RITNEFND MÁGUSAR ÞAKKAR ÞÉR INNILEGA FYRIR LESTURINN!



# Finndu þitt meistaranám á vidskipti.hi.is

---

Fjármál M.Fin.

Fjármál fyrirtækja

Mannauðsstjórnun

Markaðsfræði og alþjóðaviðskipti

Nýsköpun og viðskiptaþróun

Reikningsskil og endurskoðun

Skattaréttur og reikningsskil

Stjórnun og stefnumótun

Verkefnastjórnun

Viðskiptafræði

Þjónustustjórnun

---



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**  
**VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD**